

1996–97. – 1066 ár frá stofnun Alþingis.  
121. löggjafarþing. – 301. mál.

Alþingi  
Erindi nr. Þ 121/1432  
komudagur 8/4 1997

## 557. Frumvarp til laga

um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–97.)

### I. KAFLI

#### Heiti og undirstaða.

##### 1. gr.

Íslenska þjóðkirkjan er sjálfstætt trúfélag á evangelísk-lúterskum grunni.

Ríkisvaldinu ber að styðja og styrkja þjóðkirkjuna.

Skírn í nafni heilagrar þrenningar og skráning í þjóðskrá veitir aðild að þjóðkirkjunni.

#### SARK:

Í 2. mgr. falli „Ríkisvaldinu ber að styðja og styrkja þjóðkirkjuna,“ brott.

Athugasemd. Orðalag 2. mgr. er ekki í samræmi við 62. gr. stjórnarskrárinnar. Þar segir að ríkisvaldinu beri að styðja og vernda þjóðkirkjuna. Ríkinu ber ekki að styrkja þjóðkirkjuna skv. stjórnarskrá, orðalag þetta virðist vísa beint til fjárstuðnings en um slíkt er ekki fjallað í stjórnarskrá. Þykir samtökunum þetta ákvæði óþarft.

#### Ásatrúarfélagið:

Íslenska þjóðkirkjan er sjálfstætt trúfélag á evangelísk-lúterskum grunni. Það verður að telja nokkuð ljóst að þessi grein er ekki í samræmi við 62. gr. stjórnarskrárinnar. Það er þó nokkur munur á Hinni evangelísku lútersku kirkju, sem skal vera þjóðkirkja og íslensku þjóðkirkjunni, sjálfstæðu trúfélagi á evangelískum-lúterskum grunni.

Þýðir þetta að verið sé að leggja til breytingar á stjórnarskránni og/eða breytingar á þjóðkirkjunni? Hafa þessar breytingar á þjóðkirkjunni ef til vill þegar farið fram, án þess að þeim sem í henni eru hafi verið skýrt frá því? Nýlega var t.d. staðfest samkomulag á milli Hinnar evangelísku lútersku kirkju á Íslandi og ensku biskupakirkjunnar um gagnkvæma viðurkenningu þessara kirkjudeilda á prestum og prestverkum. Þetta er athyglisvert þegar haft er í huga að Danir, sem færðu okkur sína eigin lútersku kirkju á silfurfati 1541, ásamt þeim lögum sem tilheyra, treysta sér ekki til að staðfesta þetta samkomulag.

Ríkisvaldinu ber að styðja og styrkja þjóðkirkjuna. Hér hefur orðið „styrkja“ verið sett í stað orðsins „vernda“ sem er í 62. gr. stjórnarskrárinnar. Þýðir þetta í raun að ríkisvaldið ætli að hætta að vernda „kirkjuna“ en styrkja hana í staðinn? Er hér verið að vísa í 1. mgr. 3. gr. frv.? Vafasamt er að þessi grein standist hina nýsamþykktu 65. gr. stjórnarskrárinnar sem hefur að sínu leiti þokað til hliðar 62. gr. sem enda má breyta með lögum.

Skírn í nafni heilagrar þrenningar og skráning í þjóðskrá veitir aðild að þjóðkirkjunni. Þýðir þetta að þeir sem eru skírðir af þjóðkirkjupresti, en eru ekki skráðir sérstaklega í þjóðskrá séu ekki í þjóðkirkjunni og njóti þar engra réttinda? Eða þýðir þetta að þeir sem eru skráðir í þjóðkirkjuna í þjóðskrá, en hafa ekki tekið skírn njóti engra eða skertra

réttinda innan þjóðkirkjunnar, teljast þeir t.d. „sóknarmenn“ sbr. 3. mgr. 48. gr.?

Eigi er amast við því að sjálfstætt starfandi trúfélög, né önnur félög setji sér reglur og takmarkanir vegna inngöngu félagsmanna, þetta mun kaþólska kirkjan t.d. gera og sjálfsgagt fleiri trúfélög. Bent er á að félag sem ganga maí með einfaldri skráningu í þjóðskrá getur varla mismunað meðlimunum með því að krefjast síðan „nýrrar inngöngu“ með réttri skírn, sbr. 3. mgr. 48. gr. til að menn njóti fullra réttinda. Einnig má benda á að 98% barna eru skráð í trúfélag við fæðingu, þar af 90% í þjóðkirkjuna án þess að foreldrarnir ráði þar nokkru um, sbr. 5. gr. laga nr. 18/1975. Þjóðkirkjan gæti síðan fengið greitt af skattfé þeirra sem þannig eru skráðir alla ævi þeirra, án þess að þeir nytu þar nokkurra réttinda. Þetta verður allt enn einkennilegra þegar haft er í huga að nær örugglega má fullyrða að yfirgnæfandi fjöldi meðlima þjóðkirkjunnar lætur sér guðfræðilegar eða kirkjupólítískar útskýringar skírnarinnar í léttu rúmi liggja og líta skírmina einfaldlega sem nafngjöf. Þessi skírnarákvæði verða þó fyrst reglulega aðfinnsluvert ef ríkisvaldið veitir slíku sjálfstætt starfandi trúfélagi æðri stöðu og rýmri fjárhag en öðrum.

Þó vil ég ekki blanda mér í guðfræðilegar skilgreiningar þjóðkirkjunnar þá mun leika nokkur vafi á að allir prestar leggi sama skilning í skírmina og höfundar frumvarps þessa. Gæti þetta ákvæði valdið ómældum vandræðum, ef t.d. væri efast um „réttmæta skírn“ einstakra sóknarnefndarmanna eða presta. Reynar olli þetta deilum fyrr á öldinni vegna þriggja presta sem þjónað höfðu unitara-söfnuðinum í vesturheimi. Unitarar leggja allt annan skilning í þrenninguna en þjóðkirkjan. Gæti þetta valdið þó nokkrum titringi í þeim söfnuðum þar sem kirkjutæknilegar deilur eru helsta tómsundagaman manna.

## II. KAFLI Réttarstaða.

### 2. gr.

Þjóðkirkjan nýtur sjálfræðis gagnvart ríkisvaldinu innan lögmæltra marka.

Þjóðkirkjan, einstakar sóknir og stofnanir hennar njóta sjálfstæðrar eignhelgi og koma fram sem sjálfstæðir aðilar gagnvart almannavaldinu eftir því sem við getur átt.

### SARK:

Í 1. mgr. falli „...innan lögmæltra marka“ brott. Í 2. mgr. falli „...eftir því sem við getur átt“ brott.

### Ásatrúarfélagið:

Þjóðkirkjan, einstakar sóknir og stofnanir hennar njóta sjálfstæðrar eignarhelgi... Hvernig getur þetta farið saman með 63. gr. frv. þessa, þar sem ríkið tekur sér jarðir einstakra sókna, en „bæturnar“ ganga til þjóðkirkjunnar í heild.

Þetta ákvæði verður varla skilið öðruvísi en að kirkjan öðlist eignarrétt á þeim launatekjum sem hún eða starfsmenn hennar fá með þessum lögum. Hlýtur slík eign að vera vernduð af 72. gr. stjórnarskrárinnar og verður kirkjan, sem stofnun því ekki svipt þessari eign sinni nema bætur komi fyrir. Tryggingafræðilegur útreikningur slíkra launa, sem hér um ræðir benda til að þessi væntanlega eign kirkjunnar sé yfir 20.000.000.000 króna, eða hátt í 50.000.000 króna á hverja jörð að meðaltali.

## 3. gr.

Íslenska ríkið greiðir þjóðkirkjunni árlegt framlag sem miðist við að það nægi til reksturs hennar ásamt öðrum tekjustofnum hennar, lögbundnum sem ólögbundnum.

Launagreiðslum til starfandi presta þjóðkirkjunnar og annarra starfsmanna hennar skal hagað samkvæmt því sem greinir í 61. gr.

**SARK:**

Greinin falli brott í heild sinni.

**Ásatrúarfélagið:**

Íslenska ríkið greiðir þjóðkirkjunni árlegt framlag sem miðist við að það nægi til reksturs hennar ásamt öðrum tekjustofnum, lögbundnum sem ólögbundnum. Hér er verið að skuldbinda ríkissjóð til að standa undir öllum útgjöldum þjóðkirkjunnar, einni allra trúfélaga stenst þetta ekki 65. gr. stjórnarskrárinnar. Önnur trúfélög njóta ekki jafnræðis nú þegar, sbr. lög nr. 18/1931, lög nr. 35/1970, lög nr. 18/1975 Ik. 10. gr., lög nr. 3/1981, lög nr. 91/1987, II k. 5. - 7. gr. og lög nr. 138/1993 og hér er líklega ekki allt upptalið, en nú á að bæta gráu ofan á svart og greiða þjóðkirkjunni þannig að nægi fyrir öllum rekstri hennar án nokkurra sérstakra takmarkana og án þess að öðrum trúfélögum sé gert jafnhátt undir höfði. Þetta gengur alls ekki og myndi að öllum líkum ekki þola skoðun Mannréttindadómstóls Evrópu.

Sóknargjöld munu nú nema nær 490 krónum á mánuð á hvern borgara 16 ára og eldri. Kirkjan fær þessi sóknargjöld svikalaust, eftir því sem best verður séð. Það sama á ekki við um önnur löggilt trúfélög og Háskóla Íslands. Þessir aðilar fá tæpar 380 krónur á mánuði á mann, þannig að greiðslan til þjóðkirkjunnar er 29,8% hærri en til annarra, sbr. lög nr. 91/1987 II k. 5. gr. og lög nr. 138/1993 2. gr.

**Sóknarnefnd Prestsbakkasóknar:**

Í 3. gr. segir að íslenska ríkið greiði þjóðkirkjunni árlegt framlag, sem miðist við að það nægi til reksturs hennar.

## 4. gr.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið hefur með höndum tengsl við þjóðkirkjuna af hálfu ríkisvaldsins að því er varðar fjárlagagerð. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið hefur jafnframt yfirumsjón með því að ríkisvaldið veiti þjóðkirkjunni þann stuðning sem því ber að veita henni lögum samkvæmt og hefur umsjón með því að þjóðkirkjan og stofnanir hennar fari að lögum.

Um stöðu þjóðkirkjunnar sem opinbers trúfélags fer eftir I. kafla laga um trúfélög, nr. 18/1975, eftir því sem við getur átt.

**SARK:**

1. mgr. falli brott. Í 2. mgr. falli „...eftir því sem við getur átt“ brott.

**Ásatrúarfélagið:**

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið hefur með höndum tengsl við þjóðkirkjuna af hálfu ríkisvaldsins að því er varðar fjárlagagerð. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið hefur jafnframt yfirumsjón með því að ríkisvaldið veiti þjóðkirkjunni þann stuðning sem því

ber að veita lögum skv. og hefur umsjón með því að þjóðkirkjan og stofnanir hennar fari að lögum.

Hver á að hafa yfirumsjón með því að ríkisvaldið veiti öðrum trúfélögum þann stuðning sem því ber að veita, ef einhver er. Hér er einu sinni enn brotin jafnræðisreglan.

Fjármunir þeir sem ríkið lætur af hendi rakna til þjóðkirkjunnar nema á yfirstandandi ári líklega ríflega 1.700.000.000 þegar allt er talið, þetta gera um það bil 800 krónur á mánuði á hvern einstakling, 16 ára eða eldri, sem skráður er í þjóðkirkjuna. Langeinfaldasta leiðin til að tryggja þjóðkirkjunni nægilegt fé og gæta um leið jafnréttisreglunnar væri að hækka sóknargjöld í þessa upphæð hjá öllum skráðum trúfélögum. Þetta myndi hækka útgjöld ríkisins til þessa málaflokks um um það bil 5-6% frá því sem nú er.

#### **Sóknarnefnd Prestsbakkasóknar:**

Það hlýtur að verða að gera betur grein fyrir því, hvað felst í „æðsta valdi kirkjuþings í málefnum þjóðkirkjunnar,“ hver eru hin „lögmæltu rök“ og hver á að úrskurða um það. Skv. 4. gr. á dóms- og kirkjumálaráðuneytið aðeins að hafa afskipti af fjárlagagerð vegna kirkjunnar og gæta þess að hún fari að lögum. Heimildir til annarra afskipta þes virðast því byggjast á, að ágreiningur gangi svo langt, að ásakanir komi fram um lögbrot.

### III. KAFLI

#### **Stjórn og starfsskipan.**

##### **1. Almenn.**

#### **Ásatrúarfélagið:**

Ekki þykir við hæfi að gera athugasemdir við 1. -9. Lið þessa kafla, sem fjallar um innviði kirkjunnar, ekki verður þó komist hjá að gera eina athugasemd sem varðar jafnræðisregluna.

5. gr.

Þjóðkirkjan ræður starfi sínu innan lögmæltra marka.

#### **SARK:**

„...innan lögmæltra marka“ falli brott.

##### **2. Biskup Íslands.**

*Almenn.*

6. gr.

Ísland er eitt biskupsdæmi.

Biskup Íslands fer með yfirstjórn þjóðkirkjunnar ásamt öðrum kirkjulegum stjórnvöldum eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögum þessum. Hann hefur aðsetur í Reykjavík.

**Samtök sóknarnefnda í Reykjavíkur- og Kjalarnesprófastsdæmum, og Leikmannastefnu hinna íslensku þjóðkirkju:**

Þeirri spurningu er varpað fram til umhugsunar, hvort æskilegt væri að biskup Íslands sæti aldrei lengur í embætti en samtals 12-15 ár. Fyrir þessu sjónarmiði eru færð þau rök, að hér er um háa, mikilvæga og krefjandi stöðu að ræða, sem miklu varðar, bæði fyrir embættið og þá sem undir því eiga, að henni sé gegnt af manni á meðan hann er á “besta starfsaldri” og að of langur starfstími geti leitt til starfsþreytu eða stöðunar, sem slíkt embætti megi ekki við.

*Biskupskosning.*

7. gr.

Kjörgengur til biskupsembættis er hver guðfræðikandídat sem fullnægir skilyrðum til þess að gegna prestsembætti í þjóðkirkjunni.

8. gr.

Kirkjuþing setur reglur um kosningu biskups Íslands.

*Skipun biskups Íslands.*

9. gr.

Forseti Íslands skipar biskup Íslands.

**SARK:**

Greinin falli brott í heild sinni. Í stað hennar komi: „Biskup Íslands skal skipaður af fráfarandi biskupi, fyrrum starfandi vígslubiskupum og fyrrum starfandi vígslubiskupum í sameiningu.“

*Starfssvið biskups Íslands o.fl.*

10. gr.

Biskup Íslands hefur tilsjón með kristnihaldi, kenningu kirkjunnar og starfi hennar í landinu. Hann er forseti kirkjuráðs. Hann fylgir eftir reglum er kirkjuþing setur, samþykktum kirkjuþings og markaðri stefnu þess og prestastefnu og hefur ákvörðunarvald um einstök mál, nema þau heyri undir önnur stjórnvöld þjóðkirkjunnar samkvæmt lögum þessum.

Biskup vígir kirkjur. Biskup vígir presta og djákna og setur þeim vígslubréf.

Heimilt er biskupi að vígja til prestsembættis og djáknaþjónustu einstaklinga sem hafa verið kallaðir til þjónustu af evangelísk-lúterskum fríkirkjusöfnum í landinu.

Um kirkjuaga og lausn ágreiningsmála á kirkjulegum vettvangi.

*Úrskurðarnefnd.*

11. gr.

Biskup Íslands hefur yfirumsjón með kirkjuaga innan þjóðkirkjunnar og beitir sér fyrir lausn ágreiningsefna sem rísa kunna á kirkjulegum vettvangi. Vegna agabrota getur hann gripið til þeirra úrræða sem lög og kirkjuhefð leyfa.

Nú ris ágreiningur á kirkjulegum vettvangi eða starfsmaður þjóðkirkjunnar er borinn sökum um siðferðis- eða agabrot og getur þá hver sá sem hagsmuna á að gæta borið mál-  
ið undir úrskurðarnefnd sem biskup Íslands skipar til fjögurra ára í senn.

Úrskurðarnefnd skal skipuð þremur mönnum og jafnmörgum til vara. Skal einn til-  
nefndur af leikmönnum á kirkjuþingi og einn af prestastefnu. Formaður skal skipaður án  
tilnefningar og sé hann löglærður.

Varði mál meint agabrot starfsmanna þjóðkirkjunnar eða embættisfærslu prests sér-  
staklega, getur nefndin lagt til að hlutaðeigandi verði vikið úr starfi meðan um mál hans  
er fjallað og skal þá annar settur til að gegna starfi hans á meðan.

Í úrskurði vegna agabrota getur nefndin gripið til eftirfarandi úrræða:

- a. lagt til að starfsmanni verði veitt áminning, eftir atvikum með skilyrðum eða leið-  
beiningum eða nánari fyrir mælum um rétta starfshegðun,
- b. mælt fyrir um að hann skuli fluttur til í starfi,
- c. mælt fyrir um að hann skuli ekki gegna núverandi starfi eða sambærilegu starfi eða  
köllun á kirkjulegum vettvangi um ákveðið tímabil eða til frambúðar eða
- d. lagt til um endanlega brottvikningu hans úr hvaða starfi sem er á kirkjulegum vett-  
vangi sem valdsvið nefndarinnar nær til.

Kirkjuþing setur nánari ákvæði um úrskurðarnefnd í starfsreglur skv. 60. gr.

#### Áfrýjunarnefnd.

##### 12. gr.

Niðurstöðu úrskurðarnefndar skv. 11. gr. má skjóta til áfrýjunarnefndar sem ráðherra  
skipar til fjögurra ára í senn. Hafa málsaðilar og kirkjuráð heimild til áfrýjunar. Áfrýjun-  
arfrestur er þrjár vikur. Um úrræði þau, sem áfrýjunarnefnd getur gripið til með úrskurði,  
gildir hið sama og frá var greint um úrskurðarnefnd í 11. gr. Um réttaráhrif kærðs úr-  
skurðar gilda ákvæði 29. gr. stjórnarsýslulaga, nr. 37/1993.

Áfrýjunarnefnd er skipuð þremur löglærðum mönnum sem fullnægi almennum skilyrð-  
um til þess að vera skipaðir hæstaréttardómarar og sé einn þeirra formaður. Skulu þeir  
allir skipaðir samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar. Varamenn skulu skipaðir með sama  
hætti. Við meðferð einstakra mála skal nefndin skipuð tveimur sérfróðum mönnum til  
viðbótar sem nefndin kveður sjálf til starfans.

Úrskurðir áfrýjunarnefndar, sem skulu vera rökstuddir og að jafnaði kveðnir upp innan  
sex vikna frá því að mál barst nefndinni, eru endanlegir og bindandi innan valdsviðs  
þjóðkirkjunnar.

Kirkjuþing setur nánari ákvæði um málsmeðferð fyrir úrskurðarnefnd og áfrýjunar-  
nefnd í starfsreglur skv. 60. gr.

Kirkjulegir framkvæmdarvaldshafar skv. 22. gr. skulu framfylgja úrskurðum skv. 11.  
og 12. gr., undir yfirumsjón kirkjuráðs, og fylgjast jafnframt með því að farið sé eftir úr-  
skurðum er snerta starfsemi eða framferði einstakra starfsmanna.

Um hæfi nefndarmanna skv. 11. og 12. gr. gilda ákvæði II. kafla stjórnarsýslulaga, nr.  
37/1993, svo og almenn ákvæði þeirra laga um málsmeðferð fyrir úrskurðarnefnd skv.  
11. gr. og áfrýjunarnefnd skv. 12. gr. að því marki sem starfsreglur, er settar verða skv.  
60. gr., mæla eigi fyrir á annan veg.

#### SARK:

Í 1. mgr. falli „...ráðherra...“ brott og í stað komi „...biskup Íslands...“ Einnig falli

brott í 1. mgr.: „Um réttaráhrif kærðs úrskurðar gilda ákvæði 29. gr. stjórnslulaga, nr. 37/1993.“

Í 2. mgr. þar sem segir: „Skulu þeir allir skipaðir samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar,“ falli „...Hæstaréttar“ brott og í stað þess komi „...kirkjuráðs.“

6. mgr. falli brot.

#### Kenningarnefnd.

13. gr.

Biskup Íslands skipar ráðgjafarnefnd um kenningarleg málefni samkvæmt nánari ákvæðum í starfsreglum, sbr. 60. gr.

#### **Guðfræðideild Háskóla Íslands:**

Guðfræðideild telur nauðsynlegt að tekið sé fram að hún skuli tilnefna fulltrúa í kenningarnefnd.

Um staðgengil biskups Íslands.

14. gr.

Í forföllum biskups Íslands kveður hann þann vígslubiskup sem eldri er að biskupsvígslu til þess að gegna embætti sínu um stundarsakir. Hið sama gildir sé biskup Íslands vanhæfur til meðferðar einstaks máls sem undir hann ber að lögum.

Nú fellur biskup Íslands frá eða lætur af embætti og skal þá sá vígslubiskup, sem eldri er að biskupsvígslu, gegna embætti hans þar til biskupskjör hefur farið fram og nýr biskup Íslands hefur fengið skipun í embætti sitt.

### **3. Vígslubiskupar.**

*Almennt.*

15. gr.

Vígslubiskupar skulu vera tveir með aðsetur á hinum fornu biskupsstólum, í Skálholti í Biskupstungum og á Hólum í Hjaltadal. Þeir hafi tilsjón með kristnihaldi í umdæmum sínum og séu biskupi til aðstoðar um kirkjuleg málefni og annist þau biskupsverk er biskup Íslands felur þeim. Nánari ákvæði um starfssvið vígslubiskupa skal setja í starfsreglum, sbr. 60. gr.

Forseti Íslands skipar vígslubiskupa.

#### **Guðfræðideild Háskóla Íslands:**

Guðfræðideild leggur áherslu á mikilvægi þess að efla embætti vígslu biskupa og kveða m.a. nánar á um hlutverk þeirra innan umdæma sinna. Í því sambandi þarf bæði að taka tillit til verkaskiptingar milli þeirra og biskups Íslands annars vegar og prófaste hins vegar.

#### **SARK:**

Í 2. mgr. falli „Forseti Íslands...“ brott og í stað þess komi „Biskup Íslands.“

#### **Sóknarnefnd Akureyrarkirkju:**

Með frumvarpinu er verið að aka sjálfstæði þjóðkirkjunnar. Er þá ástæða til að binda í lög aðsetur og fjölda vígslubiskupa eins og gert er í 15. gr. frumvarpsins? Er ekki að

sama skapi ástæðulaust að binda í lög umdæmi vígslubiskupanna eins og gert er í 17. gr.? Er hér ekki um innri mál kirkjunnar að ræða, sem eðlilegt væri að sættu umfjöllun kirkjuþings.

**Samtök sóknarnefnda í Reykjavíkur- og Kjalarnesprófastsdæmum, og Leikmannastefnu hinna íslensku þjóðkirkju:**

Vísað er til athugasemda um vígslubiskupa og spurt hvor sömu viðhorf og þar koma fram geti einnig átt við embætti vígslubiskupa?

*Kosning vígslubiskupa.*

16. gr.

Um kosningu og kjörgengi vígslubiskupa gilda sömu reglur og um biskupskjör eftir því sem við getur átt, sbr. 7. og 8. gr. Kirkjuþing setur nánari reglur um kosningu vígslubiskups í hvoru vígslubiskupsumdæmi fyrir sig.

*Vígslubiskupsumdæmi o.fl.*

17. gr.

Umdæmi vígslubiskups í Skálholti nær yfir Múla-, Austfjarða-, Skaftafells-, Rangárvalla-, Árness-, Kjalarness-, Reykjavíkur-, Borgarfjarðar-, Snæfellsness- og Dala-, Barðastrandar- og Ísafjarðarprófastsdæmi.

Umdæmi vígslubiskups á Hólum nær yfir Húnavatns-, Skagafjarðar-, Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi.

Kirkjuþing getur ákveðið aðra skipan vígslubiskupsumdæma. Öðlast hin nýja skipan þá fyrst gildi er tvö kirkjuþing hafa samþykkt slíka tillögu óbreytta.

*Biskupafundur.*

18. gr.

Biskup Íslands skal kalla vígslubiskupa til fundar svo oft sem þurfa þykir og nánar skal kveðið á um í starfsreglum, sbr. 60. gr. Biskupafundur skal m.a. búa þau mál er varða kenninguna, helgisiði og helgihald í hendur prestastefnu og gera tillögur um skipan sökna, prestakalla og prófastsdæma til kirkjuþings, sbr. 49. gr.

**4. Kirkjuþing.**

*Almennt.*

19. gr.

Kirkjuþing hefur æðsta vald í málefnum þjóðkirkjunnar innan lögmæltra marka.

Málefni, er varða kenningu kirkjunnar og agavald, heyra þó undir biskup Íslands, sbr. 10., 11., 18. og 27. gr.

Samþykktir um kenningarleg málefni, guðspjónustuhald, helgisiði, skírn, fermingu og altarisakramenti verða að sæta umfjöllun prestastefnu áður en þær hljóta endanlega afgreiðslu á kirkjuþingi.

Kirkjuþing kýs stjórn prestssetrasjóðs.

**SARK:**

Í 1. mgr. falli „...innan lögmæltra marka“ brott.



### **Samtök sóknarnefnda í Reykjavík- og Kjalarnesprófastsdæmum, og Leikmannastefnu hinna íslensku þjóðkirkju:**

„Kirkjuþing hefur æðsta vald í málefnum þjóðkirkjunnar innan lögmæltra marka. Málefni er varða kenningu kirkjunnar og agavald, heyra þó undir biskup Íslands, sbr. 10., 11., 18., og 27. gr. Samþykktir um kenningarleg málefni, guðsþjónustuhald, helgisiði, skírn, fermingu og altarissakramenti verða að sæta umfjöllun prestastefnu áður en þær hljóta endanlega afgreiðslu á kirkjuþingi.“ Lagt er til að við bætist eftirfarandi mgr.: „Samþykktir kirkjuþings um málefni, er varða stöðu leikmanna, sóknarnefnda, sókna og safnaða sérstaklega, skulu með sama hætti sæta umfjöllun samtaka leikmanna.“

Greinin í heild hljóði þannig: “Kirkjuþing hefur æðsta vald í málefnum þjóðkirkjunnar innan lögmætra marka. Málefni er varða kenningu kirkjunnar og agavald, heyra þó undir biskup Íslands, sbr. 10., 11., 18. og 27. gr. Samþykktir um kenningarleg málefni, guðsþjónustuhald, helgisiði, skírn, fermingu og altarissakramenti verða að sæta umfjöllun prestastefnu áður en þær hljóta endanlega afgreiðslu á kirkjuþingi. Samþykktir kirkjuþings um málefni, er varða stöðu leikmanna, sóknarnefnda, sókna og safnaða sérstaklega, skulu með sama hætti sæta umfjöllun samtaka leikmanna. (Leikmannastefnu/-ráðs og /eða Samtaka sóknarnefnda). Kirkjuþing kýs stjórn prestssetrasjóðs.”

### **Sóknarnefnd Prestsbakkasóknar:**

Í 1.mgr. 19. gr. segir að: „kirkjuþing hefur æðsta vald í málefnum þjóðkirkjunnar innan lögmæltra marka“ og hlýtur þá strax að vakna spurningin, hver eru þau lögmæltu mörk. Það eina sem kemur fram um það síðar í greininni er, að málefni, er varða kenningu kirkjunnar og agavald heyri undir biskup og samþykktir um kenningarleg málefni, guðsþjónustuhald, helgisiði, skírn, fermingu og altarissakramenti verði að sæta umfjöllun prestastefnu, án þess þó að kirkjuþing virðist nokkuð bundin af áliti hennar og í grg. við greinina er það eina atriðið, em nefnt er til takmörkunar á alræðisvaldi kirkjuþings.

#### *Skipan kirkjuþings.*

20. gr.

Á kirkjuþingi á sæti 21 fulltrúi kjörinn til fjögurra ára í senn. Eru níu þeirra prestar og tólf leikmenn úr hópi sóknarnefndafólks.

Kjördæmi kirkjuþings eru:

1. Reykjavíkprófastsdæmi vestra.
2. Reykjavíkprófastsdæmi eystra.
3. Kjalarnesprófastsdæmi.
4. Borgarfjarðar, Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi.
5. Barðastrandar- og Ísafjarðarprófastsdæmi.
6. Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi.
7. Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi.
8. Múla- og Austfjarðarprófastsdæmi.
9. Skaftafells-, Rangárvalla- og Árnesprófastsdæmi.

Í hverju kjördæmi er kjörinn einn prestur og einn leikmaður, nema í 1., 2. og 3. kjördæmi þar sem kjörnir skulu tveir leikmenn úr hverju kjördæmi.

Rétt til setu á kirkjuþingi eiga biskup Íslands og vígslubiskupar, kirkjuráðsmenn, kirkjumálaráðherra eða fulltrúi hans og fulltrúi guðfræðideildar Háskóla Íslands. Hafa þeir allir málfrelsi og tillögurétt en atkvæðisrétt hafa þeir ekki.

Kirkjuþing kys þingforseta úr röðum leikmanna til fjögurra ára.

Kirkjuþing skal halda ár hvert. Óski þriðjungur kirkjuþingsmanna eftir er skylt að kalla kirkjuþing saman innan viku frá því að krafa um slíkt var sett fram.

Kirkjuþing setur nánari ákvæði um kjör til kirkjuþings og þingsköp í starfsreglur, sbr. 60. gr.

### **Guðfræðideild Háskóla Íslands:**

1. Guðfræðideild er samþykkt því að leikmenn myndi meirihluta á kirkjuþingi.
2. Deildin lýsir sig ennfremur samþykka því að forseti kirkjuþings sé kjörinn úr hópi leikmanna. Hins vegar leggur guðfræðideild til að forseti þingsins sé aðeins kjörinn til eins árs í senn þar eð sú hættu myndast ef hann er kjörinn til fjögurra ára að þá geti orðið til stjórnslubákn til hliðar við lögbundna yfirstjórn kirkjunnar í kirkjuráði (sbr. 26. gr.)
3. Guðfræðideild mótmælir því að henni er ekki ætlað að hafa kjörinn fulltrúa á kirkjuþingi með fullum réttindum eins og hún hefur haft frá því lög um kirkjuþing voru fyrst sett árið 1957, en skv. frv. er lagt til að deildin tilnefni fulltrúa er skuli sitja með málfrelsi og tillögurétti en hafi ekki atkvæðisrétt. Það merkir þá og að fulltrúi hennar tekur ekki þátt í nefndarstörfum. Þessi breyting er ekki rökstudd, en rökin fyrir því að deildin haldi fulltrúa sínum eru þau að innan hennar býr mikil sérfræðipækking er getur komið kirkjunni að góðu gagni í sambandi við störf þingsins, ekki síst í nefndum þess. Guðfræðideild er treyst fyrir menntun presta þjóðkirkjunnar og til viðbótar á skv. frv. að fela henni aukin verkefni í sambandi við val á presti með því að hún tilnefni einn fulltrúa í stöðunefnd sem ekki aðeins á að úrskurða um embættisgengi kandidata heldur og meta hæfi umsækjenda í hvert skipti sem prestakall losnar (sbr. 37. gr.). Út frá þessu virðast öll rök hníga að því að deildin haldi sínum kjörna fulltrúa á kirkjuþingi.
4. Í 20. gr. kemur og fram að prestar í sérþjónustu missi fulltrúa sinn. Það getur byggst á gildum rökum. Hins vegar bendir deildin á að æskilegt gæti verið að hafa heimild til þess í 20. gr. að verði stofnað prófastsdæmi skv. 3. mgr. 28. gr., skuli það prófastsdæmi eiga fulltrúa á kirkjuþingi. Flest bendir til að sérþjónusta kirkjunnar verði innan slíks prófastsdæmis og hún gæti þá fengið fulltrúa á kirkjuþingi. Flest bendir til að sérþjónusta kirkjunnar verði innan slíks prófastsdæmis og hún gæti þá fengið fulltrúa á kirkjuþingi. Slíkt heimildarákvæði gæti verið hagstætt í ljósi þess að frumvarpið er frumvarp að rammalöggjöf um kirkjuna og því nauðsynlegt að hafa hana sem fyllsta svo að ekki þurfi að koma til endurskoðunar á einstökum greinum.

### **SARK:**

Í 4. mgr. falli „...kirkjumálaráðherra eða fulltrúa hans...“ brott.

### **Samverjinn:**

Stjórn Samverjans sem er félag presta og guðfræðinga í sérþjónustu sem jafnframt er deild í Prestafélagi Íslands kemur fram á framfæri athugasemd við það, að prestar í

sérþjónustu eigi ekki lengur fulltrúa á kirkjuþingi, né heldur málfrelsi eða tillögurétt. Samanber frumvarp til laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, III. kafli um stjórn og starfsskipan, 4. lið um kirkjuþing og 20. gr. um skipan kirkjuþings. er þetta staðreynd þrátt fyrir að fjölgað hafi mjög í þesum hópi presta á undanförunum árum. Því er brýnna en nokkru sinni fyrr, að finna þessum hópi farveg innan stjórnskipulags kirkjunnar.

Þess er farið á leit við allsherjarnefnd að hún taki þessa samþykkt til umfjöllunar og endurskoði í því sambandi skipan kirkjuþings.

**Samtök sóknarnefnda í Reykjavíkur- og Kjalarnesprófastsdæmum, og Leikmannastefnu hinna íslensku þjóðkirkju:**

„Óski þriðjungur kirkjuþingsmanna eftir er skylt að kalla kirkjuþing saman innan viku frá því að krafa um slíkt var sett fram.“ Er þetta ekki of skammur fyrirvari? Er ekki skynsamlegra að hafa vikurnar tvær?

„Í hverju kjördæmi er kjörinn einn prestur og einn leikmaður nema í 1., 2. og 3. Kjördæmi, þar sem kjörnir skulu tveri leikmenn úr hverju kjördæmi.“ „Kirkjuþing setur nánari ákvæði um kjör til kirkjuþings og þingsköp í starfsreglur sbr. 60. gr.“ Lagt er til að kveðið verði á um, annað hvort í þessum lögum, eða í starfsreglum, sem kirkjuþing setur um kjör til kirkjuþings og þingsköp, sbr. 60. gr., að kjörinn kirkjuþingsmaður sitji ekki lengur en 3 kjörtímabil.

*Fastanefndir kirkjunnar.*

21. gr.

Kirkjuþing kýs við upphaf hvers kjörtímabils fastanefndir kirkjunnar samkvæmt nánari reglum skv. 60. gr.

*Kirkjuleg stjórnvöld.*

22. gr.

Stjórnvöld þjóðkirkjunnar og stofnana hennar fara með stjórnslu í öllum eignum, þar með talda ráðningu og lausn starfsmanna, og bera ábyrgð gagnvart kirkjuþingi.

Kirkjuþing skal sjá til þess að reikningshald kirkjulegra embætta, stofnana og sjóða hljóti fullnægjandi endurskoðun.

Kirkjuþing getur haft frumkvæði að frumvörpum til laga um kirkjuleg málefni og beint þeim tilmælum til ráðherra að þau verði flutt á Alþingi.

Ráðherra leitar umsagnar og tillagna kirkjuþings um lagafrumvörp um kirkjuleg málefni er hann hyggst flytja á Alþingi.

**SARK:**

3. mgr. og 4. mgr. falli brott.

**Sóknarnefnd Prestsbakkasóknar:**

En við frekari lestur frv. vakna spurningar um ýmis önnur atriði valdsins. Hvað felst í 22. gr. um að „stjórnvöld þjóðkirkjunnar og stofnana hennar fara með stjórnslu í öllum eignum, þar með talda ráðningu og lausn starfsmanna, og bera ábyrgð gagnvart kirkjuþingi?“ Hvað þýða „kirkjulega stjórnvöld“ þarna? Takmarkar setningin um að „bera

ábyrgð gagnvart kirkjuþingi“ eitthvað afdráttarlaust ákvæði 23. gr. að „Kirkjuráð fer með framkvæmdavald í málefnum þjóðkirkjunnar“ eða 25. gr. um endanlega úrlausn kirkjuráðs á ákvörðunum kirkjulegra stjórnvalda, þar sem kirkjuráð virðist þá einnig vera æðsta dómstig kirkunnar?

### 5. Kirkjuráð.

*Almennt.*

23. gr.

Kirkjuráð fer með framkvæmdarvald í málefnum þjóðkirkjunnar. Biskup Íslands er forseti kirkjuráðs.

#### Sóknarnefnd Prestsbakkasóknar:

Hér segir að: „biskup er forseti kirkjuráðs“ og mun hann því bera mesta ábyrgð á störfum þess. “ Er því ljóst að þar með er biskup gerður beint eða óbeint ábyrgur fyrir öflun, útdeilingu og nýtingu fjármagns þjóðkirkjunnar. Engin tilraun er gerð til að draga upp neina mynd af því kerfi, sem hann þarf að hafa til að sinna þessu umfangsmikla verkefni, þó að löggin eigi að taka gidli um næstu áramót. En allir, sem að þessu verki vinna munu gera það í umboði kirkjuráðs og þar með fyrst og fremst biskups.

*Skipan kirkjuráðs.*

24. gr.

Kirkjuráð er, auk biskups Íslands, skipað fjórum mönnum, tveimur guðfræðingum og tveimur leikmönnum sem kirkjuþing kýs og skulu varamenn kosnir með sama hætti. Kosnið skal í kirkjuráð á fyrsta kirkjuþingi að aflokinni kosningu. Kirkjuráðsmenn sitja þar til nýtt kirkjuráð hefur verið kjörið.

Kirkjuráð kýs sér varaforseta en biskupsritari er ritari kirkjuráðs.

#### Samtök sóknarnefnda í Reykjavíkur- og Kjalarnesprófastsdæmum, og Leikmannastefnu hinna íslensku þjóðkirkju:

„Kirkjuráð kýs sér varaforseta en biskupsritari er ritari kirkjuráðs.“ Er ástæða til að hafa í „rammalöggjöf“ ákvæði sem þessi; að mæla fyrir um, annars vegar að kirkjuráð kjósi sér varaforseta, og hins vegar að hver riti fundargerðir þess? Ræður ekki kirkjuráð sjálf fram úr slíkum málum, og nær að kirkjuþing setji þetta í starfsreglur heldur en Alþingi í landslög?

„Kirkjuráð er, auk biskups Íslands, skipað fjórum mönnum, tveimur guðfræðingum og tveimur leikmönnum sem kirkjuþing kýs og skulu varamenn kosnir með sama hætti. Kosnið skal í kirkjuráð á fyrsta kirkjuþingi að aflokinni kosningu. Kirkjuráðsmenn sitja þar til nýtt kirkjuráð hefur verið kjörið.“ Lagt er til að kveðið verði á um, annað hvort í þessum lögum, eða í starfsreglum, sem kirkjuþing setur um kjör til kirkjuþings og þingskóp, sbr. 60. Gr. að kjörnir kirkjuráðsmenn, sitji ekki lengur en 2 kjörtímabil.

*Starfssvið kirkjuráðs.*

## 25. gr.

Kirkjuráð fer með framkvæmd sameiginlegra málefna þjóðkirkjunnar, þar á meðal verkefna sem lög og stjórnvaldsreglur ætla því og erinda sem vísað er til þess m.a. af hálfu kirkjuþings, prestastefnu, samtökum leikmanna, Alþingis og ráðherra.

Ákvörðunum kirkjulegra stjórnvalda, sem heyra undir lögsögu kirkjuráðs, má skjóta til kirkjuráðs til endanlegrar úrlausnar. Undanskildar eru ákvarðanir úrskurðar- og áfrýjunarnefnda skv. 11. og 12. gr., svo og ákvarðanir biskups skv. 11. gr. og um kenningu kirkjunnar, sbr. 10., 18., 19. og 27. gr. Varði málskot ákvörðun biskups Íslands er hann hefur áður tekið vikur hann sæti í kirkjuráði meðan það mál er til meðferðar þar og tekur þá sá vígslubiskup, sem eldri er að biskupsvígslu, sæti hans.

Ákvörðunum kirkjuráðs á framkvæmdasviði kirkjulegrar stjórnsýslu verður eigi áfrýjað til kirkjuþings en fjalla má um málefnið á kirkjuþingi að frumkvæði einstakra kirkjuþingsmanna.

Um málsmeðferð í kirkjuráði, svo og meðal annarra kirkjulegra stjórnvalda, skal fylgt ákvæðum stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, eftir því sem við getur átt, leiði annað eigi af ákvæðum laga eða starfsreglna sem kirkjuþing setur skv. 60. gr. Hið sama á almennt við um sérstakt hæfi kirkjulegra stjórnvalda til meðferðar einstakra mála.

**SARK:**

Í 1. mgr. falli „...verkefna sem lög og stjórnvaldsreglur ætla því og...“ brott. Í 1. mgr. falli „...Alþingis og ráðherra“ brott og mgr. verði því svo: „Kirkjuráð fer með framkvæmd sameiginlegra málefna þjóðkirkjunnar, þar á meðal erinda sem vísað er til þess m.a. af hálfu kirkjuþings, prestastefnu og samtökum leikmanna.“ Í 4. mgr. falli „...skal fylgt ákvæðum stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, eftir því sem við getur átt...“ brott og í stað þess komi „...skal fylgt góðum, almennum reglum um málsmeðferð...“

## 26. gr.

Kirkjuráð í samráði við forseta kirkjuþings undirbýr fundi kirkjuþings og fylgir eftir samþykktum þess.

Kirkjuráð undirbýr af hálfu þjóðkirkjunnar tillögur til fjárveitinga til hennar á fjárlögum.

Kirkjuráð hefur yfirumsjón með ráðstöfun fjár sem veitt er af opinberri hálfu til kirkjulegrar starfsemi.

Kirkjuráð hefur forræði og forsjá um Skálholtsstað, svo sem greinir í lögum nr. 32/1963, og hefur þau afskipti af málefnum Skálholtsskóla er greinir í lögum nr. 22/1993.

**SARK:**

2. mgr. og 3. mgr. falli brott.

**Sóknarnefnd Prestsbakkasóknar:**

Staða kirkjuþings gagnvart kirkjuráði kemur skýrt fram í 26. gr., þar sem kirkjuráð er ótvírætt sett yfir forseta kirkjuþings með því að fela kirkjuráði að undirbúa fundi kirkjuþings og þar með beinlínis orðið yfirstjórnandi þess. Forseti verður að sætta sig við, að aðeins þarf að leita samráðs við hann um það sjálfsagða hlutverk hvers þingforseta að undirbúa fundi.

Þá hlýtur að vakna spurningin, hvaða aðstöðu og möguleika hefur kirkjuþing og forseti þes til að geta staðið undir þeirri ábyrgð, sem lögin samt leggja þeim á herðar, þ.e. frumkvæði að frumvörpum til laga um kirkjuleg málefni, umsjón með endurskoðun á reikningshaldi allra kirkjulegra embætta, samráð við kirkjuráð o.s.frv. Hvergi er neitt minnst á það.

## 6. Prestastefna.

27. gr.

Biskup Íslands boðar til almennrar prestastefnu og er forseti hennar.

Á prestastefnu eiga setu og atkvæðisrétt vígslubiskupar og allir starfandi þjóðkirkjuprestar skv. 32. gr., svo og fastir kennarar guðfræðideildar Háskóla Íslands með guðfræðimenntun og guðfræðingar sem gegna föstum störfum á vegum þjóðkirkjunnar. Aðrir prestar og guðfræðingar eiga rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétti enda séu þeir innan safnaða er starfa á játningargrundvelli evangelísk-lúterskrar kirkju.

Á prestastefnu skal fjalla um málefni prestastéttarinnar, svo og önnur kirkjuleg málefni. Prestastefna hefur tillögu- og umsagnarrétt um mál er varða kenningu kirkjunnar og helgisiði og annars heyra undir biskup og kirkjuþing, sbr. 10., 11. og 19. gr.

### Guðfræðideild Háskóla Íslands:

Djárnar eru ný stétt vígðra þjóna kirkjunnar (sbr. 46. gr.) og telur deildin rétt að þeir fái rétt til setu á prestastefnu.

### Samtök sóknarnefnda í Reykjavíkur- og Kjalarnesprófastsdæmum, og Leikmannastefnu hinna íslensku þjóðkirkju:

„Biskup Íslands boðar til almennrar prestastefnu og er forseti hennar.” Á að kveða á um það í landslögum, að prestar þjóðkirkjunnar komi saman til að „fjalla um málefni prestastéttarinnar, svo og önnur kirkjuleg málefni?”

Sé svo, er lagt til, að setti verði í lögin sérstök ákvæði um, að: „Biskup Íslands boðar til almennrar leikmannastefnu til að fjalla um málefni leikmanna, safnaða, hlutverk og störf sóknarnefnda, svo og önnur málefni er lúta að þjónustu kirkjunnar við sófnuði landsins og kristileg félagasamtök. Nánari reglur um leikmannastefnu skal setja í starfsreglur, sbr. 60. gr...” (Sjá nánar meðf. grg. um Leikmannastefnu).

Auk þess er lagt til, að í starfsreglum um leikmannastefnu standi: „Leikmannastefnu skal halda árlega. Á henni eiga sæti fulltrúar frá öllum prófastsdæmum landsins, kjörnir á héraðsfundum. Þá eiga þar sæti fulltrúar frá landssamtökum kristilegra félaga, sem starfa á kenningargrundvelli þjóðkirkjunnar, fulltrúar frá samtökum sóknarnefnda, fastir kennarar guðfræðideildar Háskóla Íslands, sem ekki eru guðfræðingar, leikmenn á kirkjuþingi og í kirkjuráði. Á leikmannastefnu skal fjalla um málefni leikmannsins innan kirkjunnar, svo og önnur kirkjuleg málefni, sem varða leikmanna- og safnaðarstörf. Leikmannaráð, kosið á leikmannastefnu skal starfa á milli leikmannastefna, og er það framkvæmdastjórn leikmannastefnu.” (Í framhaldi kæmu nánari reglur um leikmannastefnu og leikmannaráð í starfsreglum, sbr. 60. gr.).

Rökstuðningur: Í núgildandi lögum nr. 62/1990, 40. gr. er kveðið á um leikmannastefnu. Í frumvarpinu er ákvæðið fellt niður, án rökstuðnings og samráðs við leikmenn. Leikmannastefna þarf, ekki síður en prestastefna, að hafa það vægi í löggjöf eða starfsreglum, sem henni ber innan kirkjunnar. (Sjá nánar meðf. grg. um

leikmannastefnu).

## 7. Prófatar.

*Almennt.*

28. gr.

Biskup Íslands skipar prófata úr hópi presta til fimm ára í senn. Nánari reglur um skipan þeirra og störf skal setja í starfsreglur, sbr. 60. gr.

Prófatar eru fulltrúar biskups Íslands í prófastsdæmum og trúnaðarmenn hans og hafa í umboði hans almenna tilsjón með kirkjulegu starfi þar.

Biskup getur skipað prófata til að hafa umsjón með tilteknum þáttum kirkjulegrar þjónustu.

### **Leikmannastefna íslensku þjóðkirkjunnar:**

Ný grein komi inn í frumvarpið á eftir 28. gr. svohljóðandi: „Biskup Íslands, boðar til leikmannastefnu, sem halda skal að minnsta kosti einu sinni á ári ár hvert. Á henni eiga sæti fulltrúar frá prófastsdæmum landsins, kjörnir á héraðsfundum. Þá eiga þar sæti fulltrúar frá landssamtökum kristilegra félaga, sem starfa á kenningargrundvelli þjóðkirkjunnar, fulltrúar frá samtökum sóknarnefnda, fastir kennarar guðfræðideildar Háskóla Íslands, sem ekki eru guðfræðingar, leikmenn á kirkjuþingi og kirkjuráði. Á leikmannastefnu skal fjalla um málefni leikmannsins innan kirkjunnar, svo og önnur kirkjuleg málefni sem varða leikmanna- og safnaðarstörf.

Leikmannaráð kosið á leikmannastefnu skal starfa á milli leikmannastefna og er hún framkvæmdastjórn leikmannastefnu. Nánari reglur um leikmannastefnu og leikmannaráð skal setja í starfsreglur. Númer annarrar gr. frumvarpsins breytist tilsvarendi.

**Greinargerð:** Alþingi samþykkti 5. Maí 1990 „lög um skipan prestakalla og prófastsdæma og um stafs menn þjóðkirkju Íslands.“ Í 40. gr. þeirra laga segir: „Biskup Íslands boðar til leikmannastefnu. Á henni eiga sæti fulltrúar frá prófastsdæmum landsins, kjörnir á héraðsfundum. Þá eiga þar sæti fulltrúar frá landssamtökum kristilegra félaga, sem starfa á kenningargrundvelli þjóðkirkjunnar, svo og fastir kennarar guðfræðideildar Háskóla Íslands, sem ekki eru guðfræðingar. Biskup setur nánari reglur um leikmannastefnu (m.a. um kjör fulltrúa) að fengnum tillögum hennar.“ Þessi grein er með öllu felld út úr frumvarpi því sem hér er til umræðu, og það algjörlega án nokkurs rökstuðnings. Við kynningu frumvarpsins á „Auka-kirkjuþinginu“ í janúar 1997 var ekki einu sinni minnst á það einu orði, að verið væri að fella niður svo miklívæga grein varðandi leikmannastarfið, út úr gildandi lögum, og það er ekki heldur gert í athugasemdum með frumvarpinu.

Við setningu laganna nr. 62/1990 var stigið mikilvægt skref varðandi leikmannastarf innan hinnar íslensku þjóðkirkju og í framhaldi af þessu samþykkti kirkjuþing 1991 einróma svohljóðandi tillögu: „Kirkjuþing ályktar að leikmannastefnu verði skapaður sá starfsgrundvöllur, sem stefnt var að með samþykkt 40. gr. laga nr. 62/1990, bæði í fjárhagslegu og starfslegu tilliti. Að leikmannastefnu gefist kostur á að leggja sitt lóð á vogar-skálina til eflingar þátttöku óvígðra manna í starfi kirkjunnar og

fjalla um mál safnaða og safnaðarstarf.” Að frumkvæði biskups Íslands, herra Péturs Sigurgeirssonar var fyrsta leikmannastefnan kölluð saman í mars 1987. Það var álit svokallaðrar starfsháttarnefndar, að efnt verði til leikmannastefnu, þar sem kjörnir leikmenn innan prófastsdæmanna koma saman til þess að ræða sameiginlega mál kirkjunnar, einkum þau er snerta leikmenn og starf þeirra innan hennar. Í skýrslu kirkjuráðs á kirkjuþingi 1985 segir herra Pétur Sigurgeirsson, biskup Íslands m.a.: „Mér er það áhugamál, að hugmyndin um leikmannastefnu komist til framkvæmda, og kirkjuráð er einhuga um að svo geti orðið.”

Í árbók kirkjunnar 1987 segir: Kröftugar umræður um stöðu og verksvið leikmanna í kirkjulegu starfi, hressileg málefnaleg gagnrýni á kirkjustjórnir og forystu safnaðanna, skemmtilegar og frjálsar hugmyndir um verksvið stefnunnar til að efla íslenska kirkju, benti afdráttarlaust til þess gildis, sem leikmannastefna mun hafa fyrir íslenska kristni.

Á fyrstu leikmannastefnunni sem haldin var 21. mars 1987 flutti dr. Ármann Snævarr erindi um lög og reglur um leikmannastörf og safnaðarþjónustu. Leikmannastefnan hefur síðan verið haldin árlega á hinum ýmsu stöðum landsins og jafnan staðið í tvo daga í hvert sinn. Á þessum stefnum hefur verið fjallað um hin margvíslegustu málefni og margar merkar ályktanir og samþykktir gerðar. Á leikmannastefnu sitja m.a. tveir fulltrúar frá hverju prófastsdæmi landsins, kjörnir á héraðsfundum, þannig að allir söfnuðir landsins standa á bak við leikmannastefnuna.

Á annarri leikmannastefnunni flutti Ragnheiður Sverrisdóttir djákni erindi um þátt leikmanna í kirkjulegu starfi. Þar segir hún m.a.: „Leikmannastarf kirkjunnar með leikmannastefnu í broddi fylkingar þarf að eflast. Leikmannastarf er mikilvægt starf og ef kirkjuna vantar það þá er hún ekki kirkja. Megi Guð leiða okkur í starfi okkar í Guðsríki hvort sem við erum leikir eða lærðir.”

Það var því mjög mikilvægt skref varðandi eflingu leikmannastefnunnar þegar hún var komin með stoð í lögum landsins, í 40. gr. laga nr. 62/1990.

Á leikmannastefnunni sem haldin var í safnaðarheimili Dómkirkjunnar í mars 1991, sem var fyrsta leikmannastefnan eftir að hin nýju lög höfðu tekið gildi, gat biskup Íslands, herra Ólafur Skúlason, þess m.a. í setningarræðu sinni að nú væri leikmannastefnan bundin í lög og gert ráð fyrir því að hún væri hluti stjórnkerfis þjókkirkjunnar. Biskup vék að stöðu leikmannastefnunnar og sagðist fullviss um, að í framtíðinni yrði staða hennar hliðstæð við prestastefnu hvað varðaði umsagnarrétt um kirkjumál, sem væru í deigluinni hverju sinni.

Leikmannaráð treystir því að hæstvirt allsherjarnefnd verði við óskum leikmannastefnunnar og leikmannráðs um að framangreindri grein verði bætt inn í lagafrumvarpið, og að leikmannastefnunni sé þar með tryggð áframhaldandi stoð í lögum.

### **Samtök sóknarnefnda í Reykjavík- og Kjalarnesprófastsdæmum, og Leikmannastefnu hinna íslensku þjóðkirkju:**

„Biskup Íslands skipar prófafa úr hópi presta til fimm ára í senn. Nánari reglur um skipan þeirra og störf skal setja í starfsreglur, sbr. 60. gr.”

Spurt er hvort að ákvæði um að biskup Íslands skipi prófafa „til fimm ára í senn” eigi erindi í rammalöggjöf. Má ekki hafa þetta í starfsreglum um prófafa, sbr. „Nánari reglur um skipan þeirra og störf skal setja í starfsreglur, sbr. 60 gr.”

Hver er verkaskipting vísgslubiskupa og prófafa varðandi “almenna tilsjón



(prófasta) með kirkjulegu starfi (í prófastsdæmunum), sbr. 28. gr.

*Héraðsfundir og héraðsnefndir.*

29. gr.

Héraðsfundi skal halda í hverju prófastsdæmi ár hvert. Héraðsfundur er vettvangur prófastsdæmis til þess að ræða um sameiginleg málefni þjóðkirkjunnar í prófastsdæminu og önnur þau málefni sem lög leggja til hans eða stjórnvöld kirkjumála vísa þangað til umfjöllunar, umsagnar eða úrlausnar eða safnaðarfundir, sóknarnefndir, sóknarprestar og starfsmenn sókna óska eftir að þar verði rædd.

30. gr.

Héraðsnefnd prófastsdæmis skal starfa á milli héraðsfunda og er hún framkvæmdarnefnd héraðsfundar. Prófastur er formaður héraðsnefndar en héraðsfundur kýs aðra nefndarmenn til fjögurra ára í senn. Héraðsnefnd fer með stjórn héraðssjóðs.

**Samtök sóknarnefnda í Reykjavíkur- og Kjalarnesprófastsdæmum, og Leikmannastefnu hinna íslensku þjóðkirkju:**

„Héraðsnefnd prófastsdæmis skal starfa á milli héraðsfunda og er hún framkvæmdarnefnd héraðsfundar. Prófastur er formaður héraðsnefndar en héraðsfundur kýs aðra nefndarmenn til fjögurra ára í senn. Héraðsnefnd fer með stjórn héraðssjóðs.“ Lagt er til, að héraðsfundur kjósi nefndarmenn til tveggja ára í senn í stað fjögurra.

31. gr.

Nánari reglur um héraðsfundi og héraðsnefndir skal setja í starfsreglur, sbr. 60. gr.

**8. Prestar.**

*Almennt.*

32. gr.

Þjónandi prestur þjóðkirkjunnar er hver sá sem á grundvelli köllunar og vígslu gegnir föstu prestsstarfi í þjóðkirkjunni. Hann lýtur tilsjón kirkjulegra stjórnvalda í kirkjulegum efnum þótt hann gegni launuðu starfi á vegum aðila sem ekki heyra undir þjóðkirkjuna.

33. gr.

Í hverju prestakalli skal vera einn sóknarprestur. Sóknarprestur er hirðir safnaðar og gegnir prests- og predikunarembætti samkvæmt vígslubréfi og eftir því sem reglur og venjur segja til um.

34. gr.

Í fjölmönnum prestaköllum er heimilt að skipa fleiri presta en einn. Séu prestar fleiri en einn í prestakalli skulu þeir undir forustu sóknarprests skipta með sér störfum í samræmi við almennar starfsreglur þar að lútandi, sbr. 60. gr.

35. gr.

Biskupi Íslands er heimilt að ákveða að í prófastsdæmum starfi héraðsprestar.

**Samtök sóknarnefnda í Reykjavík- og Kjalarnesprófastsdæmum, og Leikmannastefnu hinna íslensku þjóðkirkju:**

„Biskupi Íslands er heimilt að ákveða að í prófastsdæmum starfi hérðasprestar.“

*Embættisgengi presta o.fl.*

36. gr.

Ráðherra skipar í embætti sóknarpresta. Biskup Íslands skipar í önnur prestsembætti, sbr. 34., 35., 43. og 44. gr.

**SARK:**

Greinin verði svo: „Biskup Íslands skipar í embætti sóknarpresta og í önnur prestsembætti sbr. 34., 35., 43. og 44. gr.“

**Sóknarnefnd Akureyrarkirkju:**

Sóknarnefnd telur fulla ástæðu til þess að biskup Íslands skipi í öll prestsembætti, en ekki að ráðherra skipi í embætti sóknarpresta, eins og gert er ráð fyrir í 36. gr. frumvarpsins. Það er ennfremur vel í anda laganna, að biskup bæði skipi í embættin og hafi valdið til að leysa menn frá þeim, ef svo ber undir.

**Samtök sóknarnefnda í Reykjavík- og Kjalarnesprófastsdæmum, og Leikmannastefnu hinna íslensku þjóðkirkju:**

„Ráðherra skipar í embætti sóknarpresta. Biskup Íslands skipar í önnur prestsembætti, sbr. 34. 35. 43. og 44. gr.“ Hvers vegna skipar biskup Íslands ekki í embætti sóknarpresta á sama hátt og hann skipar í önnur ríkislaunuð prestsembætti? Hvers vegna er verið að blanda ráðherra með þessum hætti í starfsmannamál þjóðkirkjunnar? Varðar embættisveitingin ekki sjálfstæði kirkjunnar?

37. gr.

Almenn skilyrði til skipunar eða setningar í prestsembætti eru þessi:

1. 25 ára aldur. Biskup Íslands getur þó veitt undanþágu frá því ákvæði.
2. Embættispróf frá guðfræðideild Háskóla Íslands eða frá viðurkenndri guðfræðideild eða guðfræðiskóla, og skal biskup Íslands leita umsagnar guðfræðideildar Háskóla Íslands um hið síðarnefnda.
3. Að kandídat hafi ekki gerst sekur um athæfi sem ætla má að rýri álit hans og sé ósamboðið manni í prestsstarfi.

Áður en kandídat hlýtur vígslu skal hann hafa hlotið starfsþjálfun samkvæmt nánari ákvæðum í starfsreglum, sbr. 60. gr.

Ráðherra skipar þriggja manna stöðunefnd til þriggja ára. Í nefndinni eiga sæti fulltrúi tilnefndur af Prestafélagi Íslands, annar tilnefndur af guðfræðideild Háskóla Íslands og einn leikmaður tilnefndur af biskupi Íslands úr röðum sóknarnefndafólks og sé hann formaður nefndarinnar. Nefndin skal meta hæfni kandídata til prestsþjónustu að lokinni starfsþjálfun þeirra. Getur enginn kandídat hlotið vígslu hafi stöðunefnd samdóma metið hann óhæfan, en þó má hann leita eftir vígslu að fimm árum liðnum frá því að nefndin skilaði áliti sínu og verður hæfi hans þá metið að nýju.

Nefndin skal jafnframt meta hverjir umsækjenda um prestsembætti teljist hæfastir og raða þremur hæfustu umsækjendum í röð þannig að í fyrsta sæti raðist sá hæfasti og þannig koll af kolli, með hliðsjón af menntun umsækjenda, framhaldsnámi, starfsferli og öðrum atriðum sem nefndin telur máli skipta.

Að öðru leyti verður kandiðat að fullnægja almennum skilyrðum 6. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

### **Guðfræðideild Háskóla Íslands:**

Hér er nýmæli á ferðinni í ákvæðum um stöðunefnd sem er ætlað það vandasama hlutverk að meta um sækjendur um prestsembætti og raða þeim í hæfnisröð. Hins vegar er ekki ljóst af frv. hvort valmenn í prestakalli séu bundnir af mati stöðunefndar og er nauðsynlegt að taka af tvímæli um það.

### **SARK:**

Í 3. mgr. falli „Ráðherra skipar...“ og í stað þess komi „Biskup Íslands skipar...“ Í 5. mgr. falli „...6. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins“ brott og í stað þess komi „...settum af kirkjubingi.“

### **Samtök sóknarnefnda í Reykjavíkur- og Kjalarnesprófastsdæmum, og Leikmannastefnu hinna íslensku þjóðkirkju:**

„Ráðherra skipar þriggja manna stöðunefnd til þriggja ára.“ Á ráðherra, fremur en biskup Íslands, (t.d. að höfðu samráði við vígslubiskupa) að skipa stöðunefnd?

„Ráðherra skipar þriggja manna stöðunefnd til þriggja ára. Í nefndinni eiga sæti fulltrúi tilnefndur af Prestafélagi Íslands, annar tilnefndur af guðfræðideild Háskóla Íslands og einn leikmaður tilnefndur af biskupi Íslands úr röðum sóknarnefndarfólks og sé hann formaður nefndarinnar. Nefndin skal meta hæfni kandiðata til prestþjónustu að lokinni starfsþjálfun þeirra. Getur enginn kandiðat hlotið vígslu hafi stöðunefnd samdóma metið hann óhæfan, en þó má hann leita eftir vígslu að fimm árum liðnum frá því að nefndin skilaði álitu sínu og verður hæfi hans þá metið að nýju. Nefndin skal jafnframt meta hverjir umsækjenda um prestsembætti teljist hæfastir og raða þremur hæfustu umsækjendum í röð þannig að í sæti 1 raðist sá hæfasti og þannig koll af kolli, með hliðsjón af menntun umsækjenda, framhaldsnámi, starfsferli og öðrum atriðum sem nefndin telur máli skipta.“

Getur nefndin metið þann óhæfan til embættis, sem þegar hefur hlotið prestsvígslu? Lagt er til, að ofangreint ákvæði um stöðunefnd verði felld út úr frv., en sett þess í stað í starfsreglur skv. 60. gr. Auk þess er lagt til, að biskup Íslands, en ekki ráðherra, skipi stöðunefndina. Þá er lagt til, að eftirfarandi niðurlag greinarinnar verði breytt í (frv.) starfsreglum: „Nefndin skal jafnframt meta hverjir umsækjenda um prestsembætti teljist hæfastir og raða þremur hæfustu umsækjendum í röð þannig að í sæti 1 raðist sá hæfasti og þannig koll af kolli, með hliðsjón af menntun umsækjenda, framhaldsnámi, starfsferli og öðrum atriðum sem nefndin telur máli skipta.“ Og að niðurlagið hljóði þannig í starfsreglum: „Óski kjörmenn þess, skal stöðunefnd meta hverjir umsækjenda um prestsembætti teljist hæfastir og raða þremur hæfustu umsækjendum í röð þannig að í sæti 1 raðist sá hæfasti og þannig koll af kolli, með hliðsjón af menntun umsækjenda, framhaldsnámi, starfsferli og öðrum atriðum sem nefndin telur máli skipta.“

Rökstuðningur: Það getur verið háð aðstæðum, hvort kjörmenn álitu æskilegt, að stöðunefnd raði umsækjendum um auglýst prestsembætti, sem hún álitur hæfa, eftir hæfni

þeirra til að gegna því. Með því kynni á stundum verið að koma óumbeðnum skilaboðum á framfæri við kjörnefndir um, hvern þær skuli velja. Slíkt getur komið kjörnefndum í vanda, ef þær leggja annað mat en stöðunefndin á það, hvern umsækjenda þær sjálfar álíta hæfastan til að þjóna tilteknum störfum í söfnuði sínum. Eftirleikurinn yrði hugsanlegar deilur, þar sem einhverjir umsækjendur teldu fram hjá sér gengið, og krefðu kjörnefndir rökstuðnings, sem þeim hvorki ber, né þær kynnu að kæra sig um að láta í té. Þess vegna er lagt til, að stöðunefnd raði umsækjendum um auglýst prestsembætti eingöngu, þegar ósk berst um slíkt frá kjörmönnum. Þá er bent á, að stöðunefnd, sem skal raða umsækjendum eftir hæfni þeirra, er einnig sett í vanda gagnvart prestastéttinni og umsækjendum, sem velta má fyrir sér, hvort berði leystur á hlutlægan, óumdeilanlegan, og skárri hátt en þann að láta slíkt ógert.

*Val á presti.*

38. gr.

Þegar prestakall eða prestsstaða losnar eða nýtt prestakall er stofnað auglýsir biskup Íslands embættið með fjögurra vikna umsóknarfresti hið skemmsta.

Nánari reglur um val á sóknarpresti og presti skv. 34. gr. skal setja í starfsreglur skv. 60. gr.

**Samtök sóknarnefnda í Reykjavík- og Kjalarnesprófastsdæmum, og Leikmannastefnu hinna íslensku þjóðkirkju:**

„Þegar prestakall eða prestsstaða losnar eða nýtt prestakall er stofnað auglýsir biskup Íslands embættið með fjögurra vikna umsóknarfresti hið skemmsta. Nánari reglur um val á sóknarpresti og presti skv. 34. gr. skal setja í starfsreglur skv. 60. gr.” Ekki er kveðið á um í frumvarpinu, að val á sóknarpresti og presti skv. 34. gr. skuli vera í höndum kjörmannna eða safnaðar eins og kveðið er á um í nügildandi lögum um veitingu prestakalla nr. 44/1987, (sem gert er ráð fyrir, að falli úr gildi, þegar kirkjuþing hefur sett slíkar starfsreglur, sbr. 65. gr. frumvarpsins, sjá grg með frv.).

Lagt er til að óvissu í þessu efni verði eytt og inn í greinina bætist: „Kjörmenn kjósa prest. Kjörmenn eru sóknarnefndarmenn og varamenn þeirra. Berist skrifleg ósk um það frá minnst 25% atkvæðisbærra sóknarbarna í prestakallinu, innan 7 daga frá því að niðurstöður voru kynntar, að almennar prestkosningar fari fram í prestakallinu, er skylt að verða við því. Heimilt er kjörmönnum að kalla prest, ef  $\frac{3}{4}$  kjörmannna prestakallsins eru einhuga um að kalla tiltekinn prest eða guðfræðikandidat án umsóknar, en að undangenginni auglýsingu.”

Greinin í heild hljóði þannig: „Þegar prestakall eða prestsstaða losnar eða nýtt prestakall er stofnað auglýsir biskup Íslands embættið með fjögurra vikna umsóknarfresti hið skemmsta. Kjörmenn kjósa prest. Kjörmenn eru sóknarnefndarmenn og varamenn þeirra. Berist skrifleg ósk um það frá minnst 25% atkvæðisbærra sóknarbarna í prestakallinu, innan 7 daga frá því að niðurstöður voru kynntar, að almennar prestkosningar fari fram í prestakallinu, er skylt að verða við því. Heimilt er kjörmönnum að kalla prest, ef  $\frac{3}{4}$  kjörmannna prestakallsins eru einhuga um að kalla tiltekinn prest eða guðfræðikandidat án umsóknar, en að undangegninni auglýsingu. Nánari reglur um val á sóknarpresti og presti skv. 34. gr. skal setja í starfsreglurskv. 60. gr.”

## 39. gr.

Ráðherra veitir þeim embætti sóknarprests sem hlotið hefur bindandi val en ákvarðar að öðrum kosti veitingu, að fenginni tillögu biskups. Biskup Íslands veitir þeim embætti prests skv. 34. gr. sem hlotið hefur bindandi val en ákvarðar að öðrum kosti veitingu.

Embætti sóknarprests og prest skv. 34. gr. skal veitt með setningu í eitt ár. Að þeim tíma liðnum skal skipa viðkomandi í embættið ótímabundið, nema meiri hluti kjórmanna prestakallsins sé sammála um að óska þess að biskup Íslands auglýsi embættið að nýju.

**Guðfræðideild Háskóla Íslands:**

Með ákvæðum þessarar greinar er prestum þjóðkirkjunnar tryggð æviráðning þótt aðrir embættismenn séu nú skipaðir aðeins til fimm ára. Skv. 2. mgr. er embætti veitt með setningu í eitt ár áður en til skipunar geti komið og auglýsa megi kallið eftir þetta ár ef meirihluti kjórmanna óski þess. Þarna er um ákveðið öryggisatriði að ræða fyrir veitingavaldið og kjórmenn. Deildin bendir á að óeðlilegt geti talist að hafa setningartíma jafnlangan hvort sem í hlut eiga reyndir prestar eða nýbrautskráðir kandidatar.

**Sóknarnefnd Garðskirkju; Kelduhverfi:**

Í ljósi þeirra breytinga sem átt hafa sér stað í þjóðfélaginu finnst okkur óeðlilegt að prestar séu ráðnir ótímabundið (æviráðnir) frekar en aðrir þegnar þjóðfélagsins. Teljum við að upp geti komið erfið staða í sóknum ef ágreiningur verður á milli prests og sóknarbarna sem ekki tekst að leysa. Því leggjum við til að prestar verði skipaðir í embætti til ákveðins tíma, t.d. 5–6 ár í senn.

**Sóknarnefndarfundur Ljósavatnssóknar:**

Sóknarnefnd telur það ákvæði 39. gr. að skipa prest ótímabundið vera óheppilegt, og hvorki þjóna hagsmunum presta né safnaða.

Ennfremur telur sóknarnefnd fráleitt að sóknarprestar einir ráði yfir og beri ábyrgð á þeim athöfnum sem fram fara í kirkjum. Sóknarnefnd telur eðlilegt að þessir hlutir verði unnir í nánú samkomulagi presta og sóknarnefnda.

**SARK:**

Í 1. mgr. falli „Ráðherra veitir...“ brott og í stað komi „Biskup Íslands veitir...“ Einnig falli „... að fenginni tillögu biskups“ brott úr 1. mgr.

**Sóknarnefnd Akureyrarkirkju:**

Sóknarnefndin gerir það að tillögu sinni að sóknarprestar og prestar verði ráðnir eins og embættismenn ríkisins, til fimm ára í senn og biskup hafi að þeim tíma liðnum heimild til að auglýsa embætti þeirra í samráði við kjórmenn. Nánari útfærsla sé í höndum kirkjuþings. Sóknarnefndin telur æviráðningu ekki þjóna hagsmunum kirkjunnar, sem 39. gr. frumvarpsins gerir ráð fyrir. Það fyrirkomulag getur torvelað kirkjunni að tryggja að prestarnir séu þar sem þeirra er mest þörf. Verður að teljast óeðlilegt að ríkið setji með lögum fyrirkomulag á kirkjuna sem það sjálft hefur í raun gefist upp á.

**Seltjarnarnessókn:**

Við teljum, hvað varðar hugmyndir um útfærslu, sem settar eru fram í umsögn Samtaka sóknarnefnda í Reykjavíkur- og Kjalarnesprófastsdæmum, að einhver frekari útfærsla

á hugmynd (b) gæti orðið málamiðlun.

#### **Sóknarnefnd Lundarbrekkukirkju:**

Telur það ekki góða lausn að biskup geti ákvarðað veitingu prestakalls ef það er sóknarnefnd á móti skapi, eða bindandi val ekki tekist um viðkomandi. Sóknarnefnd telur það ágætt að veita embætti í eitt ár, í fyrsta sinni, en hafnar því að prestar verði skipaðir í embætti ótímabundið eða æviráðnir þar eftir. 4 - 5 væru nærri lagi sem síðan framlengdist um annað tímabil ef hvorugur aðili óskaði eftir breytingum sóknarnefndin eða presturinn.

#### **Sóknarnefndir í Grenjarstaða-, Nes- og Einarstaðasóknunum:**

Sóknarnefndirnar geta með engu móti samþykkt það ráðningarform sem greinin gerir ráð fyrir. Reynslan síðustu ára hefur sýnt að prestar sem eru æviráðnir verður nánast ekki hægt að losna við þegar upp kemru ófyrstíganlegt ósætti milli prests og sóknarbarna. Dæmi eru um að slík átök innan sóknar leiði til að allt kirkjustarf verður í molum.

Við gerum að tillögu okkar að ákvæðið um æviráðningu verði fellt út úr frumvarpinu. Í stað þess komi, að ráðningartími prests skuli vera fimm ár í senn. Ef ekki kemur fram ósk frá meiri hluta kjörmannanna um að prestakallið verði auglýst, innan 6 mánaða áður en ráðningartími rennur út framlengist ráðning prestsins önnur 5 ár.

#### **Ísafjarðarprestakall:**

„Embætti sóknarprestis og prests skv. 34. gr. skal veitt skv. ákvæðum laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna nr. 70/1996.“ Þetta þýðir að sóknarnefnd leggst alveg gegn því að sóknarprestar og aðrir prestar verði skipaðir í embætti ótímabundið og án uppsagnarákvæða.

#### **Sóknarnefnd Stykkishólmskirkju:**

Sóknarnefndin getur með engu móti samþykkt það ráðningarform sem greinin gerir ráð fyrir. Við teljum æviráðningu óeðlilegt ráðningarform hjá einni starfsstétt umfram aðra.

Við gerum að tillögu okkar að ákvæðið um æviráðningu verði fellt út úr frumvarpinu. Í stað þess komi, að ráðningartími prests skuli vera fimm ár í senn. Ef ekki kemur fram ósk frá meirihluta kjörmannanna um að prestakallið verði auglýst, innan 6 mánaða áður en ráðningartími rennur út, framlengist ráðning prestsins önnur fimm ár.

#### **Sóknarnefnd Ljósavatnssóknar:**

Sóknarnefnd telur það ákvæði 39. gr. að skipa prest ótímabundið vera óheppilegt og hvorki þjóna hagsmunum presta né safnaða.

Ennfremur telur sóknarnefnd fráleitt að sóknarprestar einir ráði yfir og beri ábyrgð á þeim athöfnum sem fram fara í kirkjum. Sóknarnefnd telur eðlilegt að þessir hlutir verði unnir í nánú samkomulagi presta og sóknarnefnda.

#### **Þverársókn:**

Hér er gert ráð fyrir að prestar njóti æviráðningar að lokinni setningu í eitt ár. Sóknarnefnd er andvíg æviráðningu presta og telur að hámarks ráðningartími sé 5 ár. Æviráðning er andstæð þeirri stefnu sem löggjafinn hefur markað með lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

**Sóknarnefnd Holtssóknar:**

Sóknarnefnd Holtssóknar í Ísafjarðarprófastdæmi ályktaði á fundi sínum 13. mars 1997, að æskilegast sé að embætti sóknarprests og prests skuli veitt skv. lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna nr. 70/1996.

**Sóknarnefnd Flateyrarsóknar:**

Að því er varðar frumvarp þetta leggur nefndin til að síðari mgr. 39. gr. verði breytt til þess forms sem ákveðið var í lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna.

nefndin telur að svonefndri fimm ára reglu, sem lögfest var á síðasta ári, hafi víðast verið vel tekið af sóknarbörnum og sé líkleg til að bæta samskipti þeirra við prest sinn. Ennfremur veiti það vissa öryggiskennd að vita að til sé útleið á fimm ára fresti ef illa fer. Við aðrar greinar frumvarpsins gerir sóknarnefndin engar athugasemdir, enda hæpið að hún hafi efnislegar forsendur til að brjóta þær allar til mergjar.

**Frá efnahags- og viðskiptanefnd:**

Efnahags- og viðskiptanefnd hefur fjallað um þau ákvæði frumvarpsins sem snúa að skipun í starf biskups og presta. Nefndin telur eðilegt að um skipun presta fari eftir sömu reglu og um skipun annarra embættismanna samkvæmt lögum nr. 70/1996. Því er lögð til eftirfarandi breyting á frumvarpinu: „Í stað orðsins „ótímabundið“ í síðari málslíð 2. mgr. 39. gr. komi: til fimm ára í senn.“

Jafnframt bendir nefndin allsherjarnefnd á að huga að tveimur atriðum, þ.e. annars vegar hvort rétt sé að tala um „skipun“ í 1. mgr. 28. gr., sbr. einnig orðið „skipunarbréf“ í 3. mgr. 43. gr., og hins vegar að gera ákvæði 35. gr. skýrara þannig að í lögnum komi fram hvort héraðsprestar skuli ráðnir eða skipaðir til afmarkaðs tíma.

**Prestafélag Íslands:**

Varðandi 39. gr. frumvarpsins um veitingu prestakalla er vakin athygli á því, að það er hvort tveggja lagt til, að prestskosningum verði haldið jafnframt því sem komið er til móts við kröfu presta og guðfræðinga um að menntun, starfsferill o.þ.h. komi til álita við embættisveitingar, eins og tíðkast hjá öðrum embættistéttum. Sjálfstæði embættanna er varið með sama hætti og tíðkast um dómara og jafnan hefur verið um presta.

Rétt er að geta þess, að stjórn P.Í. mælir með samþykkt þessarar greinar óbreyttrar, þó það liggja fyrir að meirihluti presta vill afnám prestskosninga og embættisveitingakerfi í ætt við það, sem tíðkast hjá öðrum embættistéttum. Stjórnin treystir sér hins vegar ekki til að mæla með afnámi kosninga til prests og predikunarembættisins. Sá háttur hefur lengst af verið tíðkaður í kirkju vorri þó með ýmsu móti hafi verið, og er það í samræmi við hugmyndir siðbótarmanna og fyrimæli Kirkjuordinantiunnar. Hins vegar kemur það ekki til greina að álitum stjórnar P.Í. að prestsembættið verði gert háð sóknarnefndum eða háðara biskupsembættinu en verið hefur.

Sóknarprestsembættið er og hefur ávallt verið sjálfstætt, opinbert embætti, enda hefur veitingavaldið verið hjá furstanum. Eigi að síður eru prestar embættismenn kirkju, en ekki ríkis og er þetta áréttað í 61., 62. og 63. gr. frumvarpsins og samkomulagi ríkis og kirkju frá tíunda janúar 1997 um afhendingu kirkjujarða gegn launum presta um ríkissjóð. Launin eru arður af höfuðstóli prestsembættanna sjálfra, sem ríkið hefur ábyrgst að þau nóti jafnframt því, sem það hefur ráðstafað eignunum sjálfum í annarra þágur. Stjórn P.Í. álitur að sjálfstæði

sóknarprestembættanna þurfi að tryggja áfram með skýrum hætti í lögum.

#### **Sóknarnefnd Kirkjubólakirkju:**

Það má ljóst vera að núverandi fyrirkomulag hvað varðar æviráðningu sóknarpresta er vafalaust sá þáttur sem á drýgstan þátt í að hafa skapað og viðhaldið því ófremdarástandi sem víða ríkir í prestaköllum landsins, þar sem sóknarprestar geta nánast haldið söfnuðum sínum í gíslingu að því leiti að þeir hafa nánast enga möguleika á að losa sig við sóknarpresta sem ekki valda verkefninu eða af einhverjum orsökum bregðast þeim væntingum sem söfnuðurinn gerði til þeirra þegar hann kaus þá.

Fyrirkomulag af þessu tagi aðsjálfsgöðu ekki þolandi á okkar tímum og það væri hneyksli ef Alþingi festi það í sessi áfram við endurskoðun laganna.

Það hlýtur því að vera skýlaus krafa okkar sem erum meðlimir þjóðkirkjunnar að embætti sóknarprests og prests skv. 34. gr. verði veitt skv. ákvæðum laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna nr. 70/1996.

Það ætti einnig að vera kappsmál þeirra presta sem standa undir nafni og vilja veg kirkjunnar sem mestan að prestastéttin lúti sömu reglum í þessum efnum og opinberir starfsmenn.

#### **Sóknarnefnd Sauðárkróskirkju:**

Hvað frumvarpið varðar, óskar nefndin eftir að tekið verði til athugunar að í 2. mgr. 39. gr. þar sem stendur að embætti sóknarprests skuli veitt með setningu til eins árs, standi frekar til tveggja ára.

Telur nefndin að eins árs „reynslutími“ sé í sumum tilvikum ekki nægjanlegur, hvorki fyrir söfnuðinn né prestinn, og í því efni geti skipt máli hvenær á árinu setningin á sér stað.

#### **Breiðarbólsstaðarsókn:**

Erum sammála, nema þetta eina reynsluár prestsins. Enginn vandi að sitja á strák sínum í eitt ár. Betra að þau væru tvö.

#### **Flateyrarsókn:**

Við fullyrðum ekki en spyrjum sjálf okkur hvort skýringar sé þar að leita í 2. mgr. greinargerðarinnar. Með því sem nú er ritað er ég að láta í ljós þá skoðun mína að ekki hafi í raun verið marktækur eða afgerandi meirihluti fyrir óbreyttri 2. mgr. 39. gr.

Við leyfum okkur að vekja athygli hv. allsherjarnefndar á fyrri mgr. greinargerðarinnar með breytingartillögunni með eftirfarandi í huga:

Strax í 2. gr. frv. er kveðið á um sjálfstæði þjóðkirkjunnar innan lögmæltra marka. Í athugasemdum um greinina og í ýmsum öðrum greinum frv. er nánar kveðið á um sjálfræði eða sjálfstæði þjóðkirkjunnar. Þar er m.a. kveðið á um að kirkjuþing setji reglur um skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma. Ekki fer á milli mála að þetta vald er innan lögmæltra marka. Þjóðkirkjan ræður því sjálf að frv. Samþykktu hvernig þessum 138 prestsembættum verður ráðstafað, sbr. 1. mgr. 61. gr.

Ef 2. mgr. 39. gr. frv. verður lögfest, þá að öll hagræðing eða tilfærsla á embættum presta innan þjóðkirkjunnar undir öðrum formerkjum en þeim sem Alþingi hefur ákveðið að ríkið starfi eftir. Ef prestsembætti ónýttist af einhverjum þeim sökum sem ekki eru tilgreindar í lögum nr. 70/1996, að því er æviráðningu varðar, veður það að öllu leyti á kostnað kirkjunnar, m.ö.o. það mun ekki kosta ríkið svo mikið sem eina krónu að setja kirkjuni tilgreind



hömlunarákvæði. Ég tel raunar ekki unnt að setja í lög eða reglur allar forsendur fyrir því að embættisfærsla kunni að ónýttast.

Athyglisverð fannst okkur þau rök sem fram komu í máli ungu prestanna (annars eða beggja) meðflutningsmanna nefndrar breytingartillögu, þ.e. að 5 ára reglan geti virkað sem forvörn þannig aðila. Við viljum að lokum taka fram eftirfarandi: Ekki ber að líta á afstöðu okkar í tillöguflutningin og því sem fram kemur í bréfi þessu sem vantraust á prestastéttina. Þvert á móti teljum við að megin þorri hennar ræki embætti sin með ágætum. Við höfum ekki handbærar upplýsingar um fyrirhugaða framkvæmd laganna nr. 70/1996. Okkur hefur þó borist til eyrna að fyrirhugað sé að starf verði ekki auglýst að liðnum hverjum 5 árum nema starfsmanni hafi verið tilkynnt með ákveðnum fyrirvara. Að því er varðar sóknarpresta þykir okkur rétt að þeir eigi þá vörn í sínum málum komi fram ósk um að embættið verði auglýst laust á sama hátt að hverjum 5 árum liðnum, að ráðherra auglýsi ekki embættið nema að fenginni umsögn biskups Íslands er hann semur að höfðu samráði við úrskurðarnefnd.

### **Samtök sóknarnefnda í Reykjavíkur- og Kjalarnesprófastsdæmum, og Leikmannastefnu hinna íslensku þjóðkirkju:**

„Ráðherra veitir þeim embætti sóknarprests sem hlotið hefur bindandi val en ákvarðar að öðrum kosti veitingu, að fenginni tillögu biskups. Biskup Íslands veitir þeim embætti prests skv. 34. gr. sem hlotið hefur bindandi val en ákvarðar að öðrum kosti veitingu. Embætti sóknarprests og prests sk. 34. gr. skal veitt með setningu í eitt ár. Að þeim tíma liðnum skal skipa viðkomandi í embættið ótímabundið, nema meirihluti kjörmannna prestakallsins sé sammála um að óska þess að biskup Íslands auglýsi embættið að nýju.”

Lagst er algerlega gegn því, að sóknarprestar og aðrir prestar séu skipaðir í embætti ótímabundið og án uppsagnarákvæða. Lagt er efnislega til, að annað hvort gildi a) gagnkvæmur uppsagnarfrestur presta og sóknarnefndar, f.h. kjörmannna og safnaðar, í stað þess einhliða uppsagnarfrests, sem prestar hafa nú, eða b) skipun verði tímabundin, t.d. 5 ár.

Hugmyndir að útfærslu:

- a) Gagnkvæmur uppsagnarfrestur. Á milli sóknarnefndar og presta gildi 6 mánaða gagnkvæmur uppsagnarfrestur. Til þess að sóknarnefnd geti beitt uppsagnarákvæði, þarf uppsögnin að njóta stuðnings a.m.k. 2/3 kjörmannna. Biskup Íslands getur frestað gildistöku uppsagnar um 6 mánuði á meðan leitað er annarra úrræða. Standi forsendur hennar óbreyttar að mati kjörmannna að þeim tíma liðnum, tekur uppsögnin gildi.
- b) Tímabundin skipun. Sóknarprestar og aðrir prestar verði skipaðir til 5 ára í senn að undangenginni 1 - 3 ára veitingu í upphafi. Kjörmenn sóknar skulu tilkynna presti skriflega s.m.k. 6 mánuðum fyrir lok tímabils, hvort sóknarnefnd hyggist beita rétti sínum til að láta auglýsa embættið laust til umsóknar. Sú ákvörðun skal njóta stuðnings a.m.k. 2/3 kjörmannna. Nýti sóknarnefnd, með atbeina kjörmannna, ekki réttar síns með framangreindum hætti, framlengist skipan prests sjálfkrafa um 5 ár í senn. Biskup Íslands getur frestað gildistöku uppsagnar um 6 mánuði á meðan leitað er annarra úrræða. Standi forsendur hennar óbreyttar, að mati kjörmannna, að þeim tíma liðnum, getur sóknarnefnd beitt rétti sínum til að láta auglýsa embættið laust til umsóknar.

Rökstuðningur:

- a) Sóknarnefnd telur afar eðlilegt og nauðsynlegt, að prestur, sem hún eða

sóknarbörn hafa átt sinn þátt í að velja, sé ekki skipaður í embættið fyrr en að loknum reynslutíma, sem mætti vera 1 - 3 ár, og að hann njóti þá enn stuðnigs þeirra sömu aðila, og völdu hann í upphafi, þ.e. sóknarnefndar (kjörmanna) og sóknarbarna.

- b) Komi upp, á starfstíma prests, sú staða að vafi leiki á, eða véfengt sé, t.d. af kjörmönnum sóknar, að hann ræki skyldur sínar skv. embættisbréfi og þeim fyrirheitum sem hann gaf sóknarbörnum í upphafi, telur sóknarnefnd nauðsynlegt, að fyrir hendi séu skilmerkileg og tvímælalaus úrræði til að bæta þar úr. Hagsmunir prests sem einstaklings mega ekki við slíkar aðstæður veða þyngra en hagsmunir kirkju og safnaðar.
- c) Á sama hátt og því er haldið fram, að með “æviráðningu” sé verið að veita prestum nauðsynlega vernd í starfi til að boða köllun sína og kirkjunnar, má á móti með góðum og tiltækum rökum halda því fram, að kirkja, söfnuðir og sóknarbörn eigi samskonar rétt á virkum verndarákvæðum gagnvart prestum sínum, ef út af bregður af hans hálfu.
- d) Í skoðanakönnun Leikmannaráðs Þjóðkirkjunnar, sem fór fram í jan-mars 1996, var spurt um afstöðu sóknarnefnda til æviráðningar presta. 5 svarenda reyndust fylgjandi æviráðningum en 117 andvígir.

#### **Langholtskirkja:**

Æviráðning sóknarpresta sbr. 39. gr. frv. Þetta ákvæði er okkur þyrnir í augum og tölum við þar af reynslu. Um rökstuðning vísast til umsagnar Samtaka sóknarnefnda. Ef háttvirt allsherjarnefnd hins vegar telur ekki ástæðu til að fella þetta ákvæði út er lagt til að sóknarprestur verði ráðinn í upphafi til þriggja til fimm ára og síðan ævilangt. Það verður að vera komin einhver reynsla á viðkomandi prest áður en tekin verður ákvörðun um æviráðningu hans.

#### 40. gr.

Hafi enginn sótt um prestakall eða embætti er ráðherra heimilt að setja prest í embættið í allt að eitt ár samkvæmt tillögu biskups. Prestakallið eða embættið skal auglýst að nýju að setningartímanum liðnum.

#### **SARK:**

Fyrri setning greinarinnar verði svo: „Hafi enginn sótt um prestakall eða embætti er biskupi Íslands heimilt að setja prest í embættið í allt að eitt ár.“

#### *Almennt um skyldur presta.*

#### 41. gr.

Skylt er sóknarpresti að taka við kalli sínu jafnskjótt og föng eru á eftir að hann hefur hlotið skipun eða ráðningu. Biskup Íslands getur þó veitt prestum, er situr jörð, frest til næstu fardaga til að taka við embættinu.

Nú er prestssetur í prestakalli, og er þá prestum skylt að hafa þar aðsetur og lögheimili nema biskup heimili annað um stundarsakir, að fenginni umsögn prófasts og viðkomandi sóknarnefnda.

**Guðfræðideild Háskóla Íslands:**

Orðin „er situr jörð“ virðast vera tímaskekkja í ljósi nýrra þjóðfélagsviðhorfa og eðlilegt að biskup eigi yfirleitt að geta veitt prestum undanþágu frá því að taka við kalli sínu miðað við einhvern ákveðinn tíma þegar sérstaklega standi á.

42. gr.

Nánari ákvæði um starfsskyldur presta skulu settar í starfsreglur, sbr. 60. gr.

*Sérþjónustuprestar.*

Almennt.

43. gr.

Þar sem almennti prestsþjónustu verður ekki við komið, svo sem á sjúkrahúsnunum, við fangelsi og meðal heyrnarlausra, skal kalla til presta sem að jafnaði hafa sérmenntun til starfans.

Biskupi Íslands er heimilt að samþykkja að ráðnir séu prestar á vegum stofnana og félagasamtaka. Teljast þeir prestar vera þjónandi prestar þjóðkirkjunnar, sbr. 32. gr.

Biskup Íslands setur sérþjónustuprestum skipunarbréf til viðbótar vígslubréfi.

**Sjúkrahús Reykjavíkur:**

Sjúkrahús Reykjavíkur gerir athugasemd við niðurlaga greinarinnar en þar segir að biskup, „setji sérþjónustuprestum skipunarbréf.“

Á sjúkrahúsi Reykjavíkur starfa í dag 3 prestar sem allir eru ráðnir af sjúkrahússtjórn. Þeir starfa á ábyrgð hennar og er gagnkvæmur uppsagnarfrestur 3 mánuðir. Ágreiningslaust er að þeir lúta kennivaldi þjóðkirkjunnar og biskupsembættis. Þeir eru hins vegar ráðnir án sérstakra atbeina þjóðkirkjunnar og stöðurnar fjármagnaðar af sjúkrahúsinu og eru þeir starfsmenn Reykjavíkurborgar.

Engan veginn er hægt að fallast á að annar aðili (biskup) en sá sem ræður prestana setji þeim skipunarbréf, enda gengur það þvert á meginreglur vinnuréttar að einhver annar en sá sem ræður viðkomandi setji honum skipunarbréf.

Sjúkrahús Reykjavíkur kys hins vegar að hafa fullt samráð við biskupsembættið um ráðningu presta til sjúkrahússins, sbr. framanritað um kennivald. Því er lagt til að niðurlagi 43. gr. verði breytt á þann veg að stofnunin ráði í störfín í samráði við biskup og þessir aðilar undirriti ráðningarbréf sameiginlega, þar sem fram komi kennivald kirkjunnar á störfum þeirra á sjúkrahúsinu.

**Samtök sóknarnefnda í Reykjavíkur- og Kjalarnesprófastsdæmum, og Leikmannastefnu hinna íslensku þjóðkirkju:**

„Biskup Íslands setur sérþjónustuprestum ráðningarbréf í samvinnu við þær stofnanir, sem þeir eru ráðnir til, auk vígslubréfi.“ Lagt er til að greinin hljóði svo: „Biskup Íslands setur sérþjónustuprestum ráðningarbréf í samvinnu við þær stofnanir, sem þeir eru ráðnir til, auk vígslubréfs.“

Rökstuðningur: Fjölmargir pestar hafa verið ráðnir til starfa án atbeina kirkjunnar og stöður þeirra fjármagnaðar af öðrum en henni. Það samræmist engan veginn meginjónarmiðum vinnuréttar, að annar aðili en sá, sem ræður viðkomandi til slíkra starfa, setji honum skipunarbréf. Ráðning í starf sérþjónustuprests hlýtur ávallt að vera á ábyrgð þess, sem ber kostnað af starfinu. Í 61. gr. er á tæmandi hátt talið upp, hvaða störf eru greidd af

ríkinu, og þeim aðilum einum getur biskup Íslands (eða ráðherra) sett skipunarbréf. Þess vegna er lagt til, að biskup setji sérþjónustuprestum ráðningarbréf í samvinnu við þær stofnanir sem þeir eru ráðnir til.

Prestar er starfa erlendis.

44. gr.

Biskupi Íslands er heimilt að samþykkja að prestar séu ráðnir til starfa meðal Íslendinga erlendis.

#### Ásatrúarfélagið:

Í athugasemdum með frumvarpinu er tekið fram að þessi grein eigi sér hliðstæðu í 10. gr. laga nr. 62/1990. Reyndar segir þar að „ráðherra sé heimilt, samkvæmt tillögu biskups...” enda hafi þeir prestar sem ráðnir hafa verið samkvæmt henni hafa fengið laun úr ríkissjóði.

Ekki er getið um það hér hver greiða skuli prestum sér hér ræðir laun. Ef hér er aðeins um það að ræða að samtök Íslendinga erlendis geti ráðið til sín prest og greiði honum laun, en hlutverk biskups sé aðeins “löggilding” þá er engin ástæða til athugasemda.

Ef þjóðkirkjan stæði jafnfætis öðrum trúfélögum og kysi að greiða slíkum prestum laun af sínum afmörkuðu tekjustofnum, svo sem sóknargjöldu, þá væri heldur ekkert við þetta að athuga. En með vísan í 3. gr. frv. Er tilefni til athugasemda, enda sú „hætta” fyrir hendi að laun presta í útlöndum lendi á ríkissjóði hér eftir, sem hingað til, nema nú þarf ekki lengur á ráðherra að halda.

Með tilvísun í 44. gr. og 3. gr. Væri hægt að koma fjölda „óþekkra” presta fyrir viðs vegar um heimsbyggðina, því víða búa Íslendingar, er þessi grein því í raun „veiðileyfi á ríkissjóð.”

Íslendingar erlendis greiða ekki skatta til íslenska ríkisins og samkvæmt því fá trúfélög ekki greidd sóknargjöld vegna þeirra. Með samþykkt 44. gr. Væri jafnræðisreglan tvíbrotin. Í fyrsta lagi njóta hennar einungis þeir, sem aðhyllast kenningar þjóðkirkjunnar og í öðru lagi njóta Íslendingar sem búsettir eru erlendis þjónustu kirkjunnar án þess að greiða fyrir það með skattfé sínu svo sem þeir er búsettir eru hérlendis óhjákvæmilega verða að gera.

#### Samtök sóknarnefnda í Reykjavíkur- og Kjalarnesprófastsdæmum, og Leikmannastefnu hinna íslensku þjóðkirkju:

„Biskupi Íslands er heimilt að samþykkja að prestar séu ráðnir til starfa meðal Íslendinga erlendis.” Hver er ráðningartími/skipunartími presta skv. þessum greinum?

Nánari ákvæði.

45. gr.

Nánari ákvæði um sérþjónustupresta skal setja í almennar starfsreglur, sbr. 60. gr.

#### 9. Djáknar.

46. gr.

Þjónandi djákni þjóðkirkjunnar er hver sá sem á grundvelli köllunar og vígslu gegnir

fastri djáknaþjónustu í þjóðkirkjunni.

Djákna eru ráðnir af sóknarnefnd í samráði við sóknarprest til þess að gegna sérstaklega tilgreindum störfum á sviði líknar- og fræðslumála innan safnaðar.

Heimilt er í samráði við viðkomandi sóknarnefnd og sóknarprest og/eða sjúkrahúsprest að ráða djákna til starfa á sjúkrastofnun.

Til að hljóta ráðningu og vígslu sem djákni þarf hlutaðeigandi að hafa lokið viðeigandi prófi frá guðfræðideild Háskóla Íslands og hlotið tilskilda starfsþjálfun á vegum þjóðkirkjunnar. Hafir umsækjandi um djákna starf lokið prófi frá erlendum djákna Háskóla Íslands skal biskup Íslands leita umsagnar guðfræðideildar Háskóla Íslands.

Um þjónustu djákna fer nánar eftir ákvæðum í starfsreglum, sbr. 60. gr.

## 10. Sóknir og prestaköll.

*Almennt.*

47. gr.

Sóknin er grunneining þjóðkirkjunnar og starfsvettvangur hennar á hverjum stað. Ein eða fleiri sóknir mynda prestaköll.

48. gr.

Kirkjusókn er félag þess fólks innan þjóðkirkjunnar sem býr innan sóknarmarka.

Kirkjusókn er sjálfstæð fjárhagsleg og félagsleg eining en tengist öðrum sóknum innan sama prestakalls, ef um það er að ræða, með samstarfi, sbr. 57. gr., eða á annan hátt sem héraðsfundur kann að mæla fyrir um eða einstakar sóknarnefndir stofna til. Þá tengjast kirkjusóknir öðrum sóknum innan prófastsdæmis með sameiginlegum héraðsfundi.

Sóknarmenn eru allir þeir sem lögheimili eiga í sókn, miðað við 1. desember næstliðinn, hafa hlotið skírni og eru skráðir í þjóðkirkjuna. Um skráningu óskírðra í þjóðkirkjunni fer að öðru leyti eftir ákvörðun laga um trúfélög, nr. 18/1975.

Sóknarmenn eiga rétt á kirkjulegri þjónustu í sókn sinni og bera sameiginlega skyldur eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum eða með lögmæltum ákvörðunum.

### Guðfræðideild Háskóla Íslands:

3. mgr. Setningin „Um skráningu óskírðra... nr. 18/1975,“ virðist mótsögn við 3. mgr. 1. gr. um að skírni og skráning veiti aðild að þjóðkirkjunni og því rétt að hún falli brott.

### Ásatrúarfélagið:

3. mgr. 48. gr. er reyndar samljóða III. k. a, 7. gr. 1. nr. 25/1985, sem fella ániður ef frv. Þetta nær fram að ganga, hins vegar er 8. gr. sömu laga, sem fjallar um réttindi sóknarmanna ekki finnanleg í frv. Þessu. Ekki er hægt að skilja þetta öðruvísi en svo að þeir sem eru skráðir í þjóðkirkjuna, en eru ekki skírðir, teljist ekki sóknarmenn í skilningi frv. Eftir þessu geta þeir ekki notið kirkjulegrar þjónustu, ekki setið í sóknarnefndum, né á kirkjuþingi en ríkið greiðir af skattfé þeirra til kirkjunnar engu að síður. Á móti kemur að þeir bera ekki sameiginlegar skyldur, hverjar sem þær nú eru. Allt þetta er enn furðulegra þegar haft er í huga að engar slíkar kröfur eru gerðar til presta þjóðkirkjunnar, eða biskupa, enda ekki hægt um vik þar sem þeir eru opinberir starfsmenn og ekki er gerlegt að krefjast þess að starfsmenn ríkisins tilheyri einhverju sérstöku trúfélagi, með tilvísun í 65. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 5. mgr. 36. gr. frv.

Í lögum nr. 18/1975, eru engin sérstök ákvæði um inngöngu óskírðra í þjóðkirkjuna.

Allt þetta myndi vera í hinu besta lagi ef þjóðkirkjunni væri skömmtuð sóknargjöld, sem stæðu undir rekstri hennar og launagreiðslum, eins og ætlast er til af öðrum trúfélögum.

*Skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma.*

49. gr.

Kirkjuþing setur starfsreglur skv. 60. gr. um skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma. Í umræddum starfsreglum skulu m.a. vera reglur varðandi skiptingu kirkjusóknar og sameiningu sókna og um sóknarmörk, svo og um niðurlagningu kirkju eða tilfærslu.

**Seltjarnarnessókn:**

Við teljum mikilvægt að einstaklingar geti, ef þeim svo sýnist, valið sér að tilheyra annarri sókn en þar sem heimili þeirra er. Við teljum einnig æskilegt, að þeir sem þannig segja sig til annarrar sóknar, ölist þar full réttindi, þ.á.m. rétt til að sitja í sóknarnefnd.

Rökstuðningur: Við teljum það bæði réttlætismál, og einnig mun það efla þjóðkirkjuna, ef einstaklingar, sem eru óánægðir með þjónustu í heimakirkju sinni, hvort sú óánægja beinist að prestinum, sóknarnefndinni eða einhverju öðru, eigi annað val en að segja sig úr þjóðkirkjunni. Einnig teljum við óþarfa að víkja úr sóknarnefnd manni sem starfað hefur vel að málefnum kirkju sinnar, þótt hann flytjist búferlum út fyrir sóknina.

**Samtök sóknarnefnda í Reykjavík- og Kjalarnesprófastsdæmum, og Leikmannastefnu hinna íslensku þjóðkirkju:**

„Kirkjuþing setur starfsreglur skv. 60. gr. um skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma. Í umræddum starfsreglum skulu m.a. vera reglur varðandi skiptingu kirkjusóknar, sameiningu sókna og um sóknarmörk, svo og um niðurlag kirkju eða tilfærslu.“ Er ekki rétt, að setja ákv. annað hvort í þessi lög, eða starfsreglur um sóknir og sóknarnefndir, sbr. 60. gr. sem fjalli nánar um sóknarbönd, leysingu þeirra; þ.e. að sóknarbörnum sé heimilt að færa sig á milli sókna, og það með fullum réttindum, t.d. atkvæðisrétti á safnaðarfundum og kjörgengi í sóknarnefnd?

**Sóknarnefnd Prestsbakkasóknar:**

Þetta ótvíræða vald kirkjuþings kemur líka fram í 49. gr. þar sem kveðið er á um, að skipan sókna og prestakalla skuli ákveðin í reglum, sem einfaldur meirihluti kirkjuþings getur fyrirvaralaust breytt. Ljóst er að þörf er ýmissa breytinga á þeirri skipan, en miklu máli skiptir hvernig að þeim er staðið og jafnvel hverjir taka ákvarðanirnar, svo að ekki komi til átaka innan kirkjunnar sjálfrara um þær. Og hafa verður í huga þann mikla menningararf, sem kirkjan hefur varðveitt og ekki má stofna í hættu með of róttækum og örum breytingum. Ennfremur má hafa í huga, að eignirnar, em kirkjan afhenti ríkinu í nýgerðum samningi á móti greiðslum frá ríkinu til kirkjunnar í framtíðinni, eru flestar í fámennum sóknum

50. gr.

Þingvallaprestakalli gegni prestur er ráðherra skipar til fimm ára í senn að fengnum tillögum biskups og Þingvallanefndar.

**SARK:**

Greinin falli brott í heild sinni.

Athugasemd. Samtökin telja að aðgreina beri starf þjóðgarðsvarða á Þingvöllum frá starfi prests í Þingvallarprestakalli. Um stöðu Þingvallaprests þurfa vart að gidla aðrar reglur en um aðra presta. Embætti þjóðgarðsvarðar ætti að veita hverjum þeim sem hæfur er til starfans án tillits til þess hvort hann er guðfræðimenntaður eður ei. Má telja að önnur menntun, s.s. þjóðfræði- eða sögumenntun komi sér betur í starfi þjóðgarðsvarðar en guðfræðimenntun. Þingvallarnefnd ætti því, að mati samtakanna, að sjá um veitingu þjóðgarðsvarðarstöðu og fara þar eftir almennum vinnureglum í sambandi við stöðuveitingar af þessu tagi. Þjóðkirkjan ætti hins vegar að sjá um veitingu prestsembættis í prestakallinu eins og í öðrum prestaköllum landsins.

*Safnaðarfundir.*

## 51. gr.

Aðalsafnaðarfund skal að jafnaði halda fyrir maílok ár hvert. Þar skulu rædd málefni sóknarinnar, þar á meðal þau mál sem lögmaelt er að undir fundinn séu borin, svo og þau mál sem héraðsfundur, sóknarprestur, prófastur, biskup Íslands eða kirkjumálaráðherra skýtur þangað. Aðalsafnaðarfundur er vettvangur starfsskila og reikningsskila af hendi sóknarnefndar og einstakra nefnda innan sóknarinnar.

Aðalsafnaðarfundur fer með ákvörðunarvald innan sóknarinnar í málum þeim sem undir fundinn heyra samkvæmt lögum eða lögmaeltum ákvörðunum.

Aðra safnaðarfundir skal halda ef meiri hluti sóknarnefndar óskar þess eða einn fjórði hluti sóknarmanna sem atkvæðisrétt eiga á safnaðarfundum.

Sóknarmenn njóta kosningarréttar og kjörgengis á safnaðarfundum þegar þeir eru fullra sextán ára.

**SARK:**

Í 1. mgr. falli „...eða kirkjumálaráðherra...“ brott og í stað þess verði greininni breytt svo: „...prófastur eða Biskup Íslands skýtur þannig.“

**Sóknarnefnd Keflavíkursóknar:**

Nefndin telur að núverandi grein sé úrelt. Nauðsynlegt er að hafa í lögum ákveðin atriði um starfsvið sóknarnefnda og dagskrá aðalsafnaðarfundar, svipað og í lögum um fjárhagsleg félagssamtök. Því í mörgum tilfellum er um fjárhagslegan rekstur að ræða. Nefndin gerir tillögu um dagskrá aðalsafnaðarfundar þar á meðal að sóknarprestur flytji skýrslu um starfsemi kirkjunnar, sem við teljum mikilvægt á slíkum aðalfundi. Einnig teljum við rétt að taka fram um kosningu endurskoðenda.

**Samtök sóknarnefnda í Reykjavíkur- og Kjalarnesprófastsdæmum, og Leikmannastefnu hinna íslensku þjóðkirkju:**

Ákvæði í frumvarpinu um aðalsafnaðarfundir annars vegar og safnaðarfundir hins vegar, samsvara að mestu til efnis 11. gr. laga nr. 25/1985. Þau ákvæði eru ruglingsleg og hafa valdið mismunandi túlkun á stöðu slíkra funda, deilum og málskotum til úrskurðaraðila, sbr. Álit umboðsmanns Alþingisdags. 16. Okt. 1995 (mál nr. 1278/1994) og dómur hæstaréttar frá í mars 1996 (mál 312/1994)

Því er lagt til að 51. gr. hljóði þannig: „Lögmaetur safnaðarfundur hefur æðsta

ákvörðunarvald innan sóknarinnar í málum þeim, sem undir fundinn heyra samkvæmt lögum eða lögmætum ákvörðunum. Þar skulu rædd málefni sóknarinnar, þar á meðal þau mál, sem lögmælt er, að undir fundinn séu borin, svo og þau mál, sem héraðsfundur, sóknarprestur, prófastur, biskup eða kirkjumálaráðherra skýtur þangað. Safnaðarfundi skal halda skv. ákvörðun sóknarnefndar, eða að kröfu 1/5 hluta sóknarmanna, sem atkvæðisrétt hafa á safnaðarfundum. Sóknarmenn njóta kosningarréttar og kjörgengis á safnaðarfudnum, þegar þeir eru fullra 16 ára. Aðalsafnaðarfund skal að jafnaði halda fyrir mailok ár hvert. Aðalsafnaðarfundur kýs sóknarnefnd og er vattvangur starfsskila og reikningsskila af hendi hennar og einstakra starfsmanna, starfshópa, nefnda og félaga, er starfa innan sóknarinnar. Að öðru leyti gilda um aðalsafnaðarfund sömu ákvæði og um almennan safnaðarfund. Nánari ákvæði um safnaðarfundi verði sett í starfsreglur skv. 60. gr.”

*Skipun, störf og starfshættir sóknarnefnda.*

Almennt.

52. gr.

Í hverri kirkjusókn er sóknarnefnd sem annast rekstur og framkvæmdir á vegum sóknarinnar og styður kirkjulegt starf í sókninni ásamt sóknarpresti og starfsmönnum sóknarinnar.

Sóknarnefnd skal kosin til fjögurra ára í senn.

Sóknarnefndarmenn eru þrír í sóknum þar sem sóknarmenn eru færri en 300, en ella fimm, þó svo að þegar sóknarmenn eru 1.000 hið fæsta mega sóknarnefndarmenn vera sjö og níu ef sóknarmenn eru 4.000 eða fleiri, allt miðað við 1. desember næstliðinn. Fjölga skal sóknarnefndarmönnum, ef því er að skipta, á næsta aðalsafnaðarfundi þegar kjör sóknarnefndarmanna á fram að fara, eftir að þeir verða 1.000 eða 4.000 hið fæsta. Nú fækkar sóknarmönnum niður fyrir greind mörk og ákveður aðalsafnaðarfundur þá hvort fækka skuli sóknarnefndarmönnum.

Kjósa skal a.m.k. jafnmarga varamenn og aðalmenn eru og taka þeir sæti í forföllum aðalmanna eftir þeirri röð sem þeir voru kosnir í. Heimilt skal sóknarnefnd að kveðja varamenn sér til liðsinnis þegar hún telur ástæðu til.

**Sóknarnefnd Keflavíkursóknar:**

Við teljum rétt að taka fram að sóknarnefnd sé kjörin á aðalsafnaðarfundi. Eðlilegt og í samræmi við tíðaranda að nendin sé öll kjörin árlega. Sóknarnefndarmenn eru yfirleitt endurkjörnir meðan þeir vilja sitja. Óþarfi er að skipuleggja hvað margir eigi að sitja í sóknarnefnd, heldur láta sóknarmenn sjálfa ráða því en setja aðeins lágmark og hámark.

**Samtök sóknarnefnda í Reykjavíkur- og Kjalarnesprófastsdæmum, og Leikmannastefnu hinna íslensku þjóðkirkju:**

„Í hverri kirkjusókn er sóknarnefnd sem annast rekstur og framkvæmdir á vegum sóknarinnar og styður kirkjulegt starf í sókninni ásamt sóknarpresti og starfsmönnum sóknarinnar.”

Lagt er til að greinin orðist svo: „Í hverri kirkjusókn er sóknarnefnd, kjörin á aðalsafnaðarfundi, sem kemur fram f.h. sóknarbarna og annast rekstur og framkvæmdir á vegum sóknarinnar og styður kirkjulegt starf í sókninni ásamt sóknarpresti og starfsmönnum sóknarinnar.”

„Sóknarnefnd skal kosin til fjögurra ára í senn.” Lagt er til að málsgreinin hljóði svo:



„Aðalsafnaðarfundur kýs sóknarnefnd skv. nánari ákv. í starfsreglum sbr. 60. gr.”

Rökstuðningur: Nauðsynlegt er, að það komi fram að aðalsafnaðarfundur kjósi sóknarnefnd. hins vegar er ástæðulaust að mæla fyrir um árafjölda, þar sem mörgum finnst 4 ára kjörtímabil of langt og ósveifjanlegt, einkum þegar og ef kemur að endurkjöri í sóknarnefnd. Æskilegt er að aðalsafnaðarfundur í hverri sókn um sig geti ákveðið lengd kjörtímabils á grundvelli starfsreglna sbr. 60. gr.

#### 53. gr.

Sóknarmönnum er skylt að taka við kjöri í sóknarnefnd. Sóknarmenn, sem náð hafa sextugsaldri, geta þó skorast undan kosningu. Sá sem átt hefur sæti í sóknarnefnd getur vikist undan endurkosningu um jafnlangan tíma og hann gegndi þar störfum.

#### **Sóknarnefnd Keflavíkursóknar:**

Við teljum þessa grein óþarfa.

#### **Samtök sóknarnefnda í Reykjavík- og Kjalarnesprófastsdæmum, og Leikmannastefnu hinna íslensku þjóðkirkju:**

„Sóknarmönnum er skylt að taka við kjöri í sóknarnefnd. Sóknarmenn, sem náð hafa sextugsaldri, geta þó skorast undan kosningu. Sá sem átt hefur sæti í sóknarnefnd getur vikist undan endurkosningu um jafnlangan tíma og hann gegndi þar störfum.” Má þessi grein ekki falla niður? Ákv. um að „sóknarmönnum er skylt að taka við kjöri í sóknarnefnd á alls ekki við á okkar tímum þ.e. að „neyða” menn til að taka að sér ólaunuð störf.

#### Hlutverk og starfshættir.

#### 54. gr.

Sóknarnefnd er ásamt sóknarpresti í fyrirsvari fyrir sóknina gagnvart stjórnvöldum og einstökum mönnum og stofnunum. Hún hefur umsjón með kirkju safnaðarins og safnaðarheimili. Sóknarprestur skal ráða því hvernig afnotum af kirkjunni skuli háttáð, enda ber hann ábyrgð á því sem þar fer fram.

Sóknarnefnd skal gæta réttinda kirkju og gera prófasti viðvart ef út af bregður.

#### **Sóknarnefnd Bakkasóknar Möðruvallaprestakalls:**

Telur nefndin óeðlilegt að prestur skuli einn eiga að ráða því hvað fram fer í kirkjunni óháð umsögn sóknarnefndar. Telur nefndin að þetta stangist á við ákvæði um að sóknarnefnd skuli annars gæta réttinda kirkju. Álitur nefndin að þetta atriði geti skapað óánægju fremur en hitt.

Bendir nefndin á að eðlilegast væri að orða þriðju setningu greinarinnar þannig að sóknarprestur skal í samráði við sóknarnefnd ráða því hvernig afnot af kirkju skuli háttáð, hins vegar skuli sóknarprestur bera ábyrgð á athöfnum sem hann sjálfur annast.

#### **Sóknarnefnd Lundarbrekkukirkju:**

Að gefnu tilefni mótmælir sóknarnefndin þeirri málsgrein að sóknarprestur skuli alfarið ráða afnotum af kirkjunni, hvernig þeim skulu háttáð. Þar segir þó að sóknarnefnd gæti réttinda kirkju, og því eðlilegt að þar ráði fleiri en presturinn einn.

**Sóknarnefndir Grenjarstaða-, Nes- og Einarstaðasóknnum:**

Í greininni er ekkert sem tryggir hagsmuni og rétt sóknarbarna til að hafa afnot af kirkjunni eða safnaðarheimili í andstöðu við prestinn. Þetta er þrátt fyrir að sóknarbörnin hafi alla fjárhagslega ábyrgð á rekstri og viðhaldi húsanna. Það er með öllu óviðunandi að ekki verði hægt að áfrýja ákvörðunarvaldi prestsins til prófests eða annars aðila, ef það þykir betur henta.

**Sóknarnefnd Stykkishólmskirkju:**

Í greininni er ekkert sem tryggir hagsmuni og rétt sóknarbarna til að hafa afnot af kirkjunni eða safnaðarheimili í andstöðu við prestinn. Þetta er þrátt fyrir að sóknarbornin hafi alla fjárhagslega ábyrgð á rekstri og viðhaldi húsanna. Það er með öllu óviðunandi að ekki verði hægt að áfrýja ákvörðunarvaldi prestsins til prófests eða annars aðila, ef þörf þykir.

**Þverársókn:**

Hér er gert ráð fyrir að prestar fái alræðisvald um hvernig afnotum af kirkjunni skuli háttáð. Þessu mótmælir sóknarnefnd harðlega. Sóknin kostar byggingu, rekstur og viðhald kirkju. Kirkjusókn er sjálfstæð fjárhagslega. Sóknarnefnd er kosin til að annast framkvæmdir og rekstur. Henni ber að styðja kirkjulegt starf. Sóknarnefnd verður að bera ábyrgð á og geta leyft afnot af kirkjunni til félags og menningarstarfs.

**Sóknarnefnd Keflavíkursóknar:**

Við teljum rétt að fella niður setninguna um yfirráð sóknarprestis yfir kirkjunni. En teljum aftur á móti að meirihluti sóknarnefndar eigi að hafa meirihlutavald ef í odna skerst milli aðila, en biskup hafi síðan úrslitavald ef sóknarprestur skýtur máli sínu til hans. Nefndin telur miklægt að slíkur úrskurðaraðili sé til.

**Samtök sóknarnefnda í Reykjavíkur- og Kjalarnesprófastsdæmum, og Leikmannastefnu hinna íslensku þjóðkirkju:**

„Sóknarnefnd er ásamt sóknarpresti í fyrirsvari fyrir sóknina gagnvart stjórnvöldum og einstökum mönnum og stofnunum. Hún hefur umsjón með kirkju safnaðarins og safnaðarheimili. Sóknarprestur skal ráða því hvernig afnotum af kirkjunni skuli háttáð, enda ber hann ábyrgð á því sem þar fer fram. Sóknarnefnd skal gæta réttinda kirkju og gera prófasti viðvart ef út af bregður.“ Lagt er eindregið til, að eftirfarandi verði fellt niður úr greininni: „Sóknarprestur skal ráða því hvernig afnotum af kirkjunni skuli háttáð, enda ber hann ábyrgð á því sem þar fer fram.“

Greinin í heild hljóði þannig: „Sóknarnefnd er, ásamt sóknarpresti, í fyrirsvari fyrir sóknina gagnvart stjórnvöldum og einstökum mönnum og stofnunum. Sóknarnefnd fer, á milli safnaðarfunda, með æðsta vald í þeim málefnum sóknarinnar, og ber sameiginlega ábyrgð á öllu því starfi, sem undir hana og safnaðarfundi heyra skv. lögum eða lögmætum ákvörðunum. Sóknarnefnd hefur, ásamt sóknarpresti, umsjón með kirkju safnaðarins og safnaðarheimili. Sóknarnefnd skal gæta réttinda kirkju og prófasti viðvart, ef út af bregður.“

Rökstuðningur: Ákvæðið um að „sóknarprestur skal ráða því hvernig afnotum af kirkjunni skuli háttáð, enda ber hann ábyrgð á því sem þar fer fram“ ber keim af skiptingu, sem á að hverfa frá í stað þess að viðhalda eða taka upp. Þó nokkur dæmi eru til, er mishátt hafa farið, sem eru víti til varnaðar. Ýmis fordæmi eru einnig fyrir því, að sóknarprestar og sóknarnefndir hafi komið sér saman um skriflegar reglur, þar sem á farsælan hátt er náð

samstöðu milli aðila í þessum efnum. Það er ólíkt gæfulegra úrræði á milli þeirra, sem verða að starfa saman í sátt og samlyndi, heldur en þær hugmyndir, sem settar eru fram í frumvarpinu, og eiga sér hvorki rætur né stoð í gildandi löggjöf um þjóðkirkjuna. Alþingismönnum stendur til boða, að kynna sér efni gildandi sáttmála á milli einstakra sóknarnefnda og sóknarpresta, sem m.a. hafa verið bornir undir og staðfestir af forystumönnum í kirkju og prestastétt.

Dæmi um hvernig skilgreina má samstarf sóknarprests og sóknarnefndar er að finna í eftirfarandi inngangi í gildandi sáttmála þessara aðila í tiltekinni kirkju. „Sóknarprestur og sóknarnefnd eru sammála um að skilgreina allt það starf, sem fer fram í nafni kirkjunnar á vegum eða á ábyrgð sóknarprests annars vegar, og sóknarnefndar hins vegar, sem eina heild, er lúti sameiginlegum markmiðum og leiðum.”

Annað dæmi. „Um afnot af kirkju og safnaðarheimili skal farið eftir reglum þar að lútandi sömdum af sóknarpresti og formanni sóknarnefndar, sem samþykktar eru á fundi sóknarnefndar.”

„Kirkjan er frátekin til helgra athafna. Má ekkert fara þar fram, er ekki samræmist helgi hennar. Eigi má leyfa neina þá notkun kirkju, er ekki samrýmist vígslu hennar. Kirkjan er opin öllum þjónandi prestum þjóðkirkjunnar. Öðrum er hún opin eftir nánari ákvörðun hverju sinni. Sóknarbörn viðkomandi kirkju og prestar hennar hafa forgang að nýtingu kirkjunnar.”

#### **Langholtskirkja:**

Um afnot af kirkjunni sbr. 54. gr. frv. Það er skoðun sóknarnefndarinnar og tölum við þá af reynslu að það getur ekki verið undir duttlungum sóknarprests komið hverjum á að leyfa afnot af kirkjunni og hverjum ekki. Á það t.d. að vera í hans valdi að banna öðrum sóknarpresti t.d. að skíra eða gifta í kirkjunni? Á það að vera undir sóknarpresti komið hvort t.d. Karlaþór Reykjavíkur haldi tónleika í kirkjunni? Á það að vera undir sóknarprest komið hvort sóknarnefnd haldi aðalfund í kirkjunni?

55. gr.

Um stöðu, starf og starfshætti sóknarnefnda skal setja nánari ákvæði í starfsreglur, sbr. 60. gr.

Safnaðarfulltrúar.

56. gr.

Sóknarnefnd kýs safnaðarfulltrúa og varamann hans úr sínum hópi til fjögurra ára í senn.

#### **Sóknarnefnd Munkaþverársóknar:**

Þessi grein fjallar sumsé um safnaðarfulltrúa og þar segir: „Sóknarnefnd kýs safnaðarfulltrúa og varamann hans úr sínum hópi til fjögurra ára í senn.“ Og við spyrjum: Hvað um sóknarnefndir þar sem fulltrúar eru aðeins þrjár? Á þá einn af þessum þremur einnig að gerast safnaðarfulltrúi? Okkur finnst hins vegar sjálfsagt að kjósa einn í viðbót úr sókninni til þess að starfa. Það dreifir valdi og ábyrgð og þar með mæðir ekki um of á öðrum sóknarnefndarmönnum.

**Samtök sóknarnefnda í Reykjavík- og Kjalarnesprófastsdæmum, og Leikmannastefnu hinna íslensku þjóðkirkju:**

„Sóknarnefnd kýs safnaðarfulltrúa og varamann hans úr sínum hópi til fjögurra ára í senn.”

Lagt er til að greinin hljóði þannig: „Sóknarnefnd kýs safnaðarfulltrúa og varamann hans úr sínum hópi og skal kjörtímabil hans vera hið sama og sóknarnefndar.”

Samstarfsnefndir.

57. gr.

Í prestaköllum, þar sem í eru fleiri en ein kirkjusókn, skal oddvitum sóknarnefndanna skylt að hafa sameiginlega fundi að jafnaði eigi sjaldnar en einu sinni á ári ásamt sóknarpresti.

Starfsmenn kirkjusókna.

58. gr.

Kirkjuþing skal setja ákvæði um stöðu og störf starfsmanna sókna í starfsreglur, sbr. 60. gr.

Organistar.

59. gr.

Í kirkjusókn starfar organisti. Rétt til að kallast organisti hefur hver sá sem uppfyllir tilskildar kröfur um menntun samkvæmt áfangakerfi námskrár Tónskóla þjóðkirkjunnar. Um störf organista fer eftir ákvæðum í starfsreglum, sbr. 60. gr.

**Samtök sóknarnefnda í Reykjavík- og Kjalarnesprófastsdæmum, og Leikmannastefnu hinna íslensku þjóðkirkju:**

„Í kirkjusókn starfar organisti. Rétt til að kallast organisti hefur hver sá sem uppfyllir tilskildar kröfur um menntun samkvæmt áfangakerfi námskrár Tónskóla þjóðkirkjunnar. Um störf organista fer eftir ákvæðum í starfsreglum sbr. 60. gr.”

Lagt er eindregið til að efni þessarar greinar verði sett í starfsreglur, sbr. 58. gr. og 60. gr.

Rökstuðningur: Vandséð er hvaða erindi þessi grein og efni hennar eiga inn í rammalöggjöf um þjóðkirkjuna. Störf organista falli, eins og annarra starfsmanna, s.s. meðhjálpara, kirkjuvarða o.s.frv. undir ákvæði 58. gr.: „Kirkjuþing skal setja ákvæði um stöðu og störf starfsmanna sókna í starfsreglur sbr. 60. gr.”

Lagt er til að í starfsreglum verði bætt inn í greinina: „eða hefur sambærilega menntun.”

**IV. KAFLI  
Starfsreglur.**

60. gr.

Um aðra starfsmenn þjóðkirkjunnar en þá sem fyrr hafa verið taldir fer eftir almenn-um reglum um starfshætti hennar er kirkjuþing setur og hafi að geyma nánari fyrirmæli um stjórnun og starfshætti kirkjunnar á grundvelli laga þessara. Í reglum þessum skal m.a. kveðið á um hlutverk starfsmanna þjóðkirkjunnar eftir því sem við getur átt.

Kirkjuþing setur jafnframt nánari reglur um tiltekna þætti kirkjustarfsins sem eigi er fjallað um í hinum almennu reglum sem getið er um í 1. mgr. Þá staðfestir kirkjuþing stofnskrár og nánari reglur um stjórn og starfsemi stofnana er starfa á vegum þjóðkirkjunnar en kirkjuráð staðfestir endurskoðaða reikninga þeirra stofnana og birtir þá síðan í skýrslu sinni til kirkjuþings.

Kirkjuráð gefur út reglur þær og stofnskrár er um ræðir í 1. og 2. mgr. ásamt breytingum sem kunna að verða gerðar á þeim. Skulu reglur og stofnskrár, sem og breytingar á þeim, birtast á prenti í síðasta lagi innan fjögurra vikna frá því að kirkjuþing samþykkti þær. Ber kirkjuráði að hafa eftirlit með því að eintök þeirra séu aðgengileg fyrir almenning frá þeim tíma, auk þess sem kirkjuráð annast dreifingu þeirra og kynningu með tilhlýðilegum hætti.

Hafi eigi verið á annan veg mælt í reglum þeim sem hér um ræðir öðlast þær, sem og breytingar, bindandi gildi á þritugasta degi frá útgáfudegi þeirra. Eftir þann tíma ber öllum starfsmönnum þjóðkirkjunnar, sem og öðrum þeim sem reglunum er ætlað að binda, að fara eftir þeim.

## V. KAFLI

### Launagreiðslur og réttarstaða starfsmanna.

#### 61. gr.

Ríkið standi skil á launum biskups Íslands, vígslubiskupa, 138 starfandi presta og prófafa þjóðkirkjunnar og 18 starfsmanna biskupsstofu.

Fjölgi skráðum meðlimum þjóðkirkjunnar um 5.000 miðað við þjóðskrá í árslok 1996 skal ríkið greiða laun eins prests til viðbótar því sem greinir í 1. mgr. Sama á við um frekari fjölgun. Fækki skráðum meðlimum þjóðkirkjunnar um 5.000 miðað við þjóðskrá í árslok 1996 lækkar tala starfandi presta í 1. mgr. um einn. Sama á við um frekari fækkun.

Fjölgi prestum um tíu, sbr. það sem greinir í 2. mgr., skal ríkið greiða laun eins starfsmanns á biskupsstofu til viðbótar því sem greinir í 1. mgr. Sama á við um frekari fjölgun. Fækki prestum um tíu, sbr. það sem greinir í 3. mgr., lækkar tala starfsmanna á biskupsstofu í 1. mgr. um einn. Sama á við um frekari fækkun.

Um greiðslu launa til framangreindra starfsmanna þjóðkirkjunnar fer eftir lögum um Kjaradóm og kjaranefnd, nr. 120/1992, með áorðnum breytingum, eða lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna, nr. 94/1986, með áorðnum breytingum, eftir því sem við getur átt.

Launagreiðslur annarra starfsmanna þjóðkirkjunnar eru ríkinu óviðkomandi.

#### SARK:

1., 2., 3. og 4. mgr. falli brott. í 5. mgr. falli „...annarra...“ brott. Greinin í heild sinni verði því svo: „Launagreiðslur starfsmanna þjóðkirkjunnar eru ríkinu óviðkomandi.“

#### Sóknarnefnd Akureyrarkirkju:

Varðandi þessa grein frumvarpsins vill sóknarnefndin benda á að telja verður það meira í anda frumvarpsins í heild sinni að ríkið standi skil á launagreiðslum skv. greininni í einu lagi til kirkjunnar, sem sjái svo um að greiða viðkomandi starfsmönnum launin, þannig að kirkjan verði hinn eiginlegi launagreiðandi þeirra sem um er getið í greininni. Hafa mætti í þessu sambandi hliðsjón af yfirfærslu grunnskólans til sveitarfélaganna.

**Ásatrúarfélagið:**

Hér er ríkið að taka á sig launagreiðsur til 159 manna auk eins, sem rennur til kristnisjóðs, samtals 160 ársverk og er kostnaður vegna þessa varlega áætlaður 420.000.000 á ári. Er látið svo heita að þetta sé endurgjald ríkisins vegna þeirra kirkjujarða sem ríkið ætlar sé skv. 66. gr. Er vandséð að þetta standist. Meðalverð kirkjujarða er 3.500.000 skv. upplýsingum biskupsstofu (eins og kemur fram í athugasemdum með frv.) og þyrfti því tvö þúsund jarðir til að standa undir þessum greiðslum, miðað við 6% ársvexti. Jarðir þær sem hér um ræðir eru hins vegar varla mikið yfir 400. Jarðeignir þessar standa því varla undir meira en 30-35 árslanum. Hér er því einu sinni enn ekki tekið tillit til 65. gr. stjórnarskrárinnar þar sem einu trúfélagi er hér greinilega gert hærra undir höfði en öllum öðrum. Þótt reiknað væri með þeim jörðum sem ríkið hefur selt síðan 1907, en þær gætu verið milli tvö til þrjú hundruð en þar af hefur andvirði líklega 30 runnið í kristnisjóð, þá stæðu ekki eftir meiri verðmæti en sem svaraði til greiðslu u.þ.b. 60 árslana, eða rúmum þriðjungi þess sem áætlað er að greiða undir þessum lið, að óbreyttum meðlimafjölda þjóðkirkjunnar og því að prestsetrin, sem að líkum eru verðmætustu jarðirnar eru undanskilin í þeim væntanlega samningi sem þetta byggir á.

Við þetta má svo bæta að jafnvel þó þjóðkirkjan hefði full yfirráð og eingarhald á jörðum þessum, sem efast er um, þá eru þær afhentar á sínum tíma sókum eða prestaköllum þess eina trúfélags sem hér var löglegt. Eftir að trúfrelsi var leitt hér í lög 1874, eftir meir en 800 ára trúhelsi, hafa um 10% þjóðarinnar kosið sér annan trúarvettvang. Á því leikur enginn vafi að þessi hópur á sama rétt og þjóðkirkjumenn, með enn einni tilvísun í 65. gr. stjórnarskrárinnar. Nær það einnig til arðsins af kirkjueignunum og þannig „prestlaunanna.“ Okkur telst svo til að í landinu séu nú starfandi 17 trúfélög eða söfnuðir, auk þjóðkirkjunnar, þannig að 17 „prestlaun“ til viðbótar myndu uppfylla jafnræðisregluna hvað þetta varðar.

„...Fækki skráðum meðlimum þjóðkirkjunnar um 5.000 miðað við þjóðskrá í árslok 1996 lækar tala starfandi presta í 1. mgr. um einn. Sama gildir um frekari fækkun.“ „...Fækki prestum um tíu, sbr. það sem greinir í 3. mgr., lækkar tala starfsmanna á biskupsstofu í 1. mgr. um einn. Sama á við um frekari fækkun.“

Nú er fækkun meðlima þjóðkirkjunnar hátt í 2% á ári, eða ríflega 2000 manns. Ef svo fer sem horfir gætu þeir orðið nær engir á þúsund ára afmæli kristni hér á landi en það mun bera upp á árið 2056 skv. Heimildum úr Páfagarði. Ef regla sú sem hér ræðir er látin halda sér og meðlimum þjóðkirkjunnar fækkar um 180.000 fækkar prestum um 36 og starfsmönnum biskupsstofu um 4. Eftir stæðu þá 102 prestar og prófastar, tveir vígslubiskupar og biskup Íslands ásamt 14 starfsmönnum á biskupsstofu og prestum hjá stofnunum og félagasamtökum skv. 43. gr. og erlendis skv. 44. gr. Samtals gerði þetta yfir 120 árslan, sem ríkissjóður þyrfti að standa skil á þó engir væru meðlimirnir fyrir utan prestanna. Hér eru ekki talin prestlaun til kristnisjóðs.

**Sóknarnefnd Prestsbakkasóknar:**

Hér er aðeins talinn upp ákveðinn fjöldi starfsmanna, sem ríkið eigi að greiða laun, en engin skýr ákvæði er að finna um annan kostnað. Um það á kirkjuráð að þjarka árlega við Alþingi. Kirkjuráð hefur einnig yfirumsjón með ráðstöfun þess fjár. Það fær eina heildarupphæð frá ríkinu og þarf því fyrst að taka ákvörðun um hvernig skuli skipta henni, síðan að annast afgreiðslu og að lokum er það ábyrgt fyrir, að framkvæmdir allar verði í samræmi við fyrirheit.

62. gr.

Þeir starfsmenn þjóðkirkjunnar, sem þiggja laun úr ríkissjóði, sbr. 61. gr., njóta réttinda og bera skyldur sem opinberir starfsmenn eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögum nr. 70/1996, svo og öðrum lögum er kveða á um réttarstöðu opinberra starfsmanna, sbr. þó 11. og 12. gr.

Nánari ákvæði um réttarstöðu starfsmanna þjóðkirkjunnar skulu sett í starfsreglur, sbr. 60. gr.

**SARK:**

Greinin falli brott í heild sinni.

## VI. KAFLI

**Jarðeignir kirkna.**

63. gr.

Kirkjujarðir og aðrar kirkjueignir sem þeim fylgja, að frátöldum prestssetrum og því sem þeim fylgir, eru eign íslenska ríkisins. Andvirði seldra jarða rennur í ríkissjóð.

Greiðslur til Kristnisjóðs vegna seldra kirkjujarða falla niður. Þó skal ríkissjóður greiða árlega, næstu átta ár, upphæð er svarar til fastra árslauna eins sóknarprests.

**SARK:**

Greinin falli brott í heild sinni.

Athugasemd. Varðandi 61. 62. og 63. gr. lagafrumvarpsins vísa samtökin í umsögnina hér á undan. Samtökin krefjast algerrar uppstokkunar á fjárhagstengslum ríkisins og þjóðkirkjunnar í þeim anda sem fjallað er um í umsögninni.

**Ásatrúarfélagið:**

Hér er nauðsynlegt að hverfa um þúsund ár aftur í tímann þ.e. fyrir árið 999 þegar trúfrelsi var afnumið, að hluta (þetta var síðan fullkomnað árið 1056, með stofnun kirkjunnar og biskupsstól). Í gömlum bókum er skýrt frá því að menn hafi gefið jarðir til hofs. Eru öll líkindi á að hin fornu hof með jörðum sínum hafi orðið að kirkjujörðum snemma. Nægir hér að benda á þær jarðir, þar á meðal kirkjujarðir sem heita Hof eða Hofstaðir, munu þær vera nær 36 talsins. Nærtækast er að ætla að þær hofjarðir, sem urðu eign kaþólskra sókna hafi gengið áfram og orðið eign lúterskra sókna þegar frá leið. Eru sumar þessar jarðir væntanlega í flokki þeirra rúmlega 400 kirkjujarða sem ríkissjóður ætlar sér með þessum lögum. Nú þegar trúfrelsi er aftur verið í lög leitt er það stór spruning hvort ekki eigi að undanskilja þessar hofjarðir í samningnum svo sem ætlunin er að gera með kristfjárjarðir, þær sem ekki hafa nú þegar verið seldar.

Þá er komið að aðalatriðinu, hefur þjóðkirkjan, sem stofnun, eignarhald á þeim jörðum sem hér um ræðir eða eru þær eign hinna dreifðu sókna landsins. Ef sóknirnar eiga ekki jarðirnar þá væri nærtækara að kaþólska kirkjan gerði kröfu til þeirra heldur en sú lútherska og þá ættu Ásatrúarmenn einnig kröfu til að minnsta kosti hluta þessara jarða. Hér er ekki takin afstaða til klausturjarða þeirra fjölmörgu sem konungur vor af guðs náð tók sér 1542 og síðar, né þeirra eigna sem skilgreindar voru undir kirkjuna með erkibiskups boðskap á þrettánda öld, jafnvel þó menn væru ákveðnir í því að hafa hann að engu.

Nú er það varla í verkahring þeirra sem þetta rita að verja hagsmuni sókna í dreifbýli landsins en það skýtur óneitanlega skökku við að ríkissjóður taki til sín jarðeignir

fámennra, og þar af leiðandi tekjulitilla sókna, til að standa undir launagreiðslum til presta fjölmennra sókna í þéttbýli, sem eðli málsins skv. Hafa gnægð fjár, en fáar kirkjujarðir. Í greinargerð með frumvarpinu er gengið út frá því að prestsembættum í þéttbýli muni fjölga enn á kostnað dreifýlisins. Þær kirkjujarðir sem fyrir hendi voru í þéttbýli hafa flestar verið seldar, nægir þar að benda á Breiðholt í Reykjavík, sem dæmi. Andvirði seldra jarða var lagt í prestlaunasjóð, lítið mun fara fyrir þeim fjármunum nú, hafa þeir brunnið upp í verðbólgu og gengisfellingum svo sem sparifé almennings. Ef það á að „uppfæra“ fjármuni prestlaunasjóðs þannig að hægt sé að greiða þau laun, sem ávöxtun jarðanna 400 stendur ekki undir, ættu þá ekkir allir sem tapað hafa sparifé sínu undanfárin 90 ár, samsvarandi kröfu á ríkisbankana. Hér verður enn einu sinni að vísa í 65. gr. stjórnarskrárinnar. Spurningin er sú hvort nokkurri kirkjujörð hafi verið þinglýst á þjóðkirkjuna, nema ef vera skyldi Skálholti en sú jörð er varla inni í þeim „pakka“ sem hér um ræðir.

Höfundar frumvarpsins gera enga tilraun til að skilgreina eða telja upp fjölda jarða þeirra sem hér um ræðir, hvað þá heldur að meta þær til fjár. Ekki er nokkur leið að átta sig á því í texta frumvarpsins hvert samhengi er á milli þess sem ríkið fær og því sem það lætur af hendi árlega, meðan uppi er Íslands byggð.

Í stjórnarskrá lýðveldisins 72. gr. segir að eignarétturinn sé friðhelgur og að engan megi skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji; þarf til þess lagafyrirmæli, og komi fullt verð fyrir. Í greinargerðinni með frumvarpinu er ítrekað að þjóðkirkjan og stofnanir hennar geti átt eignir sem njóti fullrar verndar 72. gr. stjórnarskrárinnar. Þetta er reyndar í 2. gr. frv. Og þar eru sóknir nefndar sérstaklega. Ef jarðir þær sem hér um ræðir eru í raun eign sóknanna þá er hér verið að gera upptækar eignir þeirra án þess að almenningsþörf krefjist, að því að best verður séð, og bæturnar eru þegar smærri sóknir eiga í hlut, vægast sagt smávægilegar, 6-7 messur á ári (l. nr. 25/1985, 9. gr. D). Önnur þjónusta svo sem: skírn, ferming, gifting, (skilnaðarvottorð) og greftrun tekur prestur að sér sem verktaki og fær greitt sérstaklega fyrir.

Ef hof gátu orðið að kaþólskum sóknum og kaþólskar sóknir að lúterskum þá hlýtur að mega halda áfram og gera lúterska sókn að múslimskri eða búddiskri og sömuleiðis að fara í hina áttina og breyta lúterskri sókn aftur í kaþólska eða jafnvel hof. Við þetta myndu sóknarmenn missa réttindi sín til „prestlauna“ úr sameiginlegum sjóði landsmanna og er þá einu sinni enn komið að 65. gr. stjórnarskrárinnar.

Eigi verður komist hjá að nefna eitt atriði sem tengist þessum málum, þó ekki sé það hluti þessa frv. Vegna þeirra sem kjósa að standa utan allra trúfélaga greiðir ríkið sóknargjalds-ígildi til Háskóla Íslands og skiptir þá engu hvort þeir sem um ræðir líkar það betur eða verr. Þar að auki hafa þeir ekkert um það að segja hvernig Háskólinn ver þessum fjármunum, en það hlýtur að vera lágmarkskrafa. Til að gæta alls jafnræðis þyrfti að heimila stofnun félaga sem hefðu menningar eða líknarmál á stefnuskrá sinni og nytu sömu réttinda og trúfélög hvað framlögum ríkisins viðkemur.

Niðurstaðan er því að lög þessi standast ekki jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar og mannréttindasáttmála Evrópu í því formi sem þau eru sett fram í frumvarpi þessu og þarfnast róttækrara endurskoðunar þó ekki væri nema til þess að hindra að framkvæmd þeirra yrði kærð til Mannréttindadómstóls Evrópu.



VII. KAFLI  
**Gildistaka og brottfall laga.**

64. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1998.

65. gr.

Við gildistöku laga þessara falla eftirtalin lög og lagaákvæði brott svo sem hér segir:

- a. 1. mgr. 3. gr., 7. gr., 1. mgr. 8. gr., 9.–19. gr. og 35.–45. gr. laga nr. 62/1990, um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands.
- b. 1.–2. gr., 11. gr., 14.–15. gr., 1. mgr. 16. gr., 19. gr., 22. gr., 29. gr. og 36. gr. laga nr. 25/1985, um kirkjusóknir, safnaðarfundi, sóknarnefndir, héraðsfundi o.fl.
- c. 1.–5. gr., 1. mgr. 12. gr., 13. gr. og II. kafli laga nr. 48/1982, um kirkjuþing og kirkjuráð íslensku þjóðkirkjunnar.
- d. 1. gr. og 2. mgr. 6. gr. laga nr. 96/1980, um biskupskosningu.
- e. 1. gr. laga nr. 44/1987, um veitingu prestakalla.
- f. B-liður 19. gr. laga nr. 35/1970, um Kristnisjóð o.fl.
- g. Í stað orðanna „Kirkjuráð“ og „kirkjuráðs“ í 1. mgr. 3. gr. laga nr. 137/1993, um prestssetur, kemur: Kirkjuþing, og: kirkjuþings.

Eftirtalin lög falla úr gildi þegar kirkjuþing hefur sett starfsreglur skv. 60. gr. laganna, þó eigi síðar en 31. desember 1998:

- a. Lög nr. 96/1980, um biskupskosningu.
- b. Lög nr. 48/1982, um kirkjuþing og kirkjuráð íslensku þjóðkirkjunnar.
- c. Lög nr. 25/1985, um kirkjusóknir, safnaðarfundi, sóknarnefndir, héraðsfundi o.fl.
- d. Lög nr. 44/1987, um veitingu prestakalla.
- e. Lög nr. 62/1990, um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands.

**Almennar athugasemdir.**

**Ásatrúarfélagið:**

Yfirleitt kjósa ásatrúarmenn að skipta sér ekki af málefnum kirkjunnar en hér verður ekki komist hjá því að gera nokkrar athugasemdir. Fyrst ber þess að geta að nefnd sú sem frumvarpið semur er skipað af kirkjuþingi þannig að kirkjan er í raun að semja frumvarp til að styrkja sjálfa sig í sessi. Þetta kemur berlega í ljós við yfirlestur frumvarpsins. Í öðru lagi fjallar stór hluti frumvarpsins um innri mál kirkjunnar svo sem biskupskosningu, prestastefnu, prófastsdæmi og siðferði presta. Hin nýja þjóðkirkja se hér er boðuð, á að vera sjálfstætt trúfélag, skv. 1. gr. frv., en biður jafnframt Alþingi að setja sér lög og reglur. Þetta getur alls ekki farið saman.

Í því frumvarpi sem hér um ræðir er gert ráð fyrir því að viðhalda öllum þeim ójöfnuði sem nú er á milli trúflokka í landinu og hnykkja þó heldur á ef eitthvað er. Það að taka þjóðkirkjuna eitt sjálfstæðra trúfélaga, svo notað sé orðalag 1. gr., og skylda ríkið til að veita „árlegt framlag sem miðast við að það nægi til reksturs hennar“ fær með engu móti staðist 65. grein stjórnarskrárinnar. Það verður reyndar að teljast nokkuð ljóst að fyrsta grein

frumvarpsins er ekki í samræmi við 62. gr. stjórnarskrárinnar. Annað hvort verður að breyta þessu ákvæði eða þá hreinlega stjórnarskráinni, en þessari grein hennar má breyta með lögum.

Grundvöllur þessarar lagasetningar eru drög að samkomulagi milli íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar um yfirfærslu kirkjujarða til ríkisins. Reyndar hefur ríkið greitt prestum laun í tæp níti ár, með tilvísun í slíkt samkomulag, sem nú á að skjalfesta, betra seint en aldrei. Samkvæmt samkomulagsdrögunum og frumvarpinu, 61. gr., „standi ríkið skil á launum biskups Íslands, vigslubiskupa, 138 starfandi presta og prófaste þjóðkirkjunnar og 18 starfsmanna biskupsstofu,“ auk einna launa í kristnisjóð, í viðbót við þau 11 prestlaun, er þangað renna nú samkvæmt því sem næst verður komist. Samtals gera þetta því 171 árslaun, en prestaköll á landinu öllu eru 114,5 samkvæmt heimildum hagstofunnar. Kirkjujörðunum er ætlað að standa undir þeim nær 450.000.000 sem þarna mun vera að ræða.

Eignarhald á kirkjujörðum mun vera nokkuð á reiki. Tilheyra þær hverri kirkju fyrir sig eða söfnuðunum eða prestakallinu (sbr. bréf biskups 15-1-1907)? Eitt mun vera nokkuð ljóst þær tilheyra ekki kirkjunni sem stofnun. Ríkisvaldinu er að sjálfsgöðu heimilt að taka sér kirkjujarðir, svo sem aðrar eignir manna, ef almannaheill krefst, enda komi fullar bætur fyrir.

Hvernig talan ein og hálf laun á hvert prestakall er fundin væri reyndar áhugavert að vita. Reyndar mun vera nær ómögulegt að meta verðmæti þeirra kirkjujarða sem ríkið tók sér 1907 þar sem mörgum þeim verðmætustu þeirra hefur verið úthlutað til bæjarfélaga og annarra opinberra og hálfopinberra aðila og þá oft án þess að greiðsla kæmi fyrir, að því að best verður séð. Hér er ekki sett út á framkvæmdina sem slika, heldur það að einungis eitt trúfélag nýtur teknanna af þeim jörðum sem gefnar voru til guðshúsa og prestlauna í gegnum tíðina.

Við landnám voru flestir Íslendingar heiðnir (Ásatrúar), en þó nokkrir kristnir þó ekki héldist það vel í ættum. Síðan höfum við verið katólskir, þar næst lúterskir og nú segja sumir að við séum komnir í biskupakirkjuna ensku. Er ekkert af þessu selt dýrara en keypt var. Heiðnir menn gáfu jarðir til hofs og enn í dag eru jarðir nefndar Hof eða Hofstaðir um eða yfir 30 talsins. Þessar jarðir urðu síðan nær örugglega katólskar kirkju- eða klausturjarðir, margar hverjar. Konungurinn tók sér klausturjarðirnar 1541 en hinir evangelísk lútersku söfnuðir tóku við eignum hinna katólsku söfnuða, enda fylgdu sóknarmenn með í kaupunum þannig að eignirnar voru áfram á sömu hendi.

Íslendingar öðluðust trúfrelsi á ný með hinni nýju stjórnarskrá 1874. Síðan hafa u.þ.b. 10% okkar kosið sér annan trúarvetvang en hina „síbreytilegu ríkiskirkju.“ Þegar haft er í huga hvernig trúarhreyfingar landsmanna, undanfarin rúm ellefuhundrað ár, hafa „eignast“ þær jarðir sem þetta lagafrumvarp fjallar um er vandséð að ríkisvaldið geti tekið þær og afhent tekjurnar af þeim, og gott betur, einu trúfélagi þótt þjóðkirkja kallist.

Aðeins ein réttlát leið er fær í þessu máli og er hún sú að sóknargjöld til þjóðkirkjunnar séu leiðrétt þannig að þau standi undir útgjöldum. Aðrir söfnuðir fái greidda sömu krónutölu á hvern féлага 16 ára og eldri. Þannig getur Alþingi uppfyllt allan VI kafla stjórnarskrárinnar og 65. greinina sömuleiðis.

### **Guðfræðideild Háskóla Íslands:**

Guðfræðideildin lýsir sig samþykka meginatriði í frumvarpi til laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar og felst í að flytja ákvörðunarvald í ytri málum þjóðkirkjunnar úr höndum ríkisstjórnar og Alþingis til kirkjuþings. Verði frumvarpið að lögum verður þjóðkirkjunni sett góð rammalöggjöf um starfsemi sína. Sú stjórnskipun sem þjóðkirkjunni verður sett er bæði trúverðug og líkleg til að skila árangri. Þá fagnar deildin því samkomulagi

um kirkjueignir sem gert er ráð fyrir að lögfesta með frv. (sbr. 61. gr. og Fylgiskjali I).

### **Djáknafélag Íslands:**

Telur eðlilegt að djáknar hafi sömu stöðu og aðstoðarprestir og sérþjónustuprestir en í frumvarpinu kemur fram að djáknar hafa ekki möguleika á að sitja á kirkjuþingi þar sem að þar er aðeins gert ráð fyrir prestum og leikmönnum sbr. 20. gr. og djáknar eru hvorugt. Sama á við um kirkjuráð sbr. 24. gr. Þá hafa þeir enga lagalega setu á prestastefnu sbr. 27. gr. Þó svo að núverandi biskup hafi boðað djákna til stefnunnar. Djáknar hafa haft málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt.

### **Siðmennt:**

Siðmennt er félag sem berst fyrir trúfrelsi og jafnrétti í trúmálum og þar af leiðandi afnámi lögbundinna forréttinda þjóðkirkjunnar og beinum afskiptum ríkisvaldsins af málefnum eins trúfélags. Í því skyni vill félagið að 62. gr. stjórnarskrárinnar verði afnumin. Félagið lagði það til þegar frumvarp um breytingar á stjórnarskránni var til umræðu fyrir 2 árum.

Skoðanakannanir Gallups undanfarin ár sýna ótvírátt að meirihluti þjóðarinnar vill skilja milli ríkis og kirkju. Ekki er hægt að greina að fyrirliggjandi frumvarp enduspegli þann vilja meirihluta þjóðarinnar. Misrétti ríkiskirkjuskipulagsins stingur í augu og verður sýnilegra með hverju árinu sem líður og hverju skrefi sem þjóðfélagið stígur til alþjóðavæðingar, frjálsrar hugsunar og mannréttinda.

Frumvarpið um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar gengur í heild þvert á stefnu Siðmenntar og vilja meirihluta þjóðarinnar eins og hann hefur komið fram í skoðanakönnunum. Ef frumvarpið verður að lögum verður kirkjan að visu sjálfstæðari gagnvart ríkinu, en jafnframt yrðu forréttindi hennar fest í sessi og aukin. Þá myndi þjóðkirkjan fá óeðlilega miklar og varanlegar greiðslur fyrir eignir sem ríkið hefur fyrir löggu yfirtekið og rekið í nærri öld. Frumvarpið gengur gegn þeim yfirlýsta vilja stjórnvalda að völd og ábyrgð skuli fara saman og að dregið skuli úr ríkisforsjá.

Frumvarpið byggir á samkomulagi um kirkjujarðir og launagreiðslu starfsmanna þjóðkirkjunnar sem ríkið og þjóðkirkjan gerðu nýlega. Þar skuldbindur ríkið sig til að greiða kirkjunni nær hálfan milljarð á ári um alla framtíð og er látið líta út sem ríkið sé að greiða nær aldargamla skuld til kirkjunnar fyrir kirkjujarðir. Ekki er tekið fram um hvaða jarðir sé að ræða, né hve hátt þær eru metnar. Það verður að teljast ónákvæmni við fjárhagslega samningagerð.

Í fylgiskjali með frumvarpinu frá fjármálaráðuneytinu kemur fram að fyrir 20 kirkjujarðir sem seldar voru á árunum 1984–1996 hafi fengist 71 milljón króna, eða um 3,5 milljónir fyrir hverja jörð. Ef 3,5 milljónir er meðalverð fyrir kirkjujörð þá mættu jarðirnar sem ríkið eignast varla vera öllu færri en 3000 talsins til að arðsemisrök séu fyrir greiðslum ríkisins.

Á það ber að líta að verðmæti jarðanna felst trúlega að meirihluta í mannvirkjum sem ríkið hefur sjálft kostað eftir að það tók við rekstri jarðanna árið 1907. Þar sem ríkið hefur fyrir löngu yfirtekið margvíslegar menntunar- og almannatryggingaskyldur kirkjunnar, er eðlilegt að það haldi stórum hluta af fyrri jarðeignum kirkjunnar án þess að bætur komi fyrir.

Af ofansögðu er ljóst að efnahagsleg rök frumvarpsins eru rýr. Í því skuldbindur ríkið sig til að greiða lútersk–evangelísku ríkiskirkjunni hundruð milljóna króna árlega um ókomin ár. Það verður að teljast ábyrgðarleysi gagnvart skattborgurum þessa lands.

Siðmennt telur það vera andstætt hugmyndum um trúfrelsi að ríkið setji einu trúfélagi

svo nákvæmar starfsreglur eins og hér er lagt til. Lög af þessu tagi geta átt við um ríkisstofnanir og ráðuneyti en engan veginn um trúfélög í landi þar sem trúfrelsi ríkir lögum samkvæmt. Í þessu ljósi er fyrsta grein frumvarpsins eins og hver önnur öfugmæli, en þar er því slegið föstu að íslenska þjóðkirkjan sé sjálfstætt trúfélag.

Siðmennt leggur til að frumvarp þetta verði dregið til baka eða fellt. Þess í stað verði samið frumvarp til laga sem verði rammi um starfsemi trúfélaga almennt, þjóðkirkjan þar meðtalin. Þjóðkirkjunnar verði veittur viss aðlögunartími til að setja sér sín eigin lög og starfsreglur og að standa á eigin fótum, bæði fjárhagslega og siðferðislega, í stað þess að reiða sig á ríkið.

#### **Kaþólska biskupsdæmið í Reykjavík:**

Hvað varðar innri málefni ríkiskirkjunnar hefur kaþólski söfnuðurinn engar athugasemdir að gera. Það er skilningur okkar, að ekki sé komið inná málefni kaþólska safnaðarins í neinum skilningi með þessu frumvarpi. Ekki er hér tekin afstaða til 3. gr. (um fjármál).

#### **Sóknarnefnd Búðarsóknar:**

Sjáum ekkert athugavert við frumvarpið.

#### **Samtök um aðskilnað ríkis og kirkju:**

Samtök um aðskilnað ríkis og kirkju hafa það að meginmarkmiði sínu að skilið verði milli þjóðkirkjunnar og ríkisvaldsins að fullu. Í því augnamiði krefjast samtökin þess að 62. gr. stjórnarskrárinnar verði numin úr gildi, en sú grein hljóðar svo: „Hin evangelíska lútherska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi, og skal ríkisvaldið að því leyti styðja hana og vernda.“

62. gr. stjórnarskrárinnar á að mati samtakanna illa heima í stjórnarskrá íslenska lýðveldisins. Samkvæmt þeirri grein skal ríkisvaldið styðja og vernda þjóðkirkjuna. Samkvæmt 2. gr. stjórnarskrárinnar er ríkisvaldið þrískipt, eins og hefð er fyrir í vestrænum lýðræðisríkjum, í dómssvald, löggjafarvald og framkvæmdarvald.

Það er hverjum manni ljóst að ekki fer vel á að dómssvaldið styðji og verndi nokkra stofnun í landinu. Þjóðkirkjan sem lögaðili á samkvæmt 62. gr. að njóta sérstaks stuðnings og verndar ríkisvaldsins og þar með dómssvaldsins. Þetta er í beina mótsögn við hlutleysi dómstóla.

Einnig er 62. gr. í mótsögn við 65. gr. stjórnarskrárinnar þar sem kveður á um að allir skulu vera jafnir fyrir lögum án tillits til trúarbragða.

Megintilgangurinn með aðskilnaði kirkjunnar og ríkisins er að mati samtakanna tvíþættur. Veigameiri þátturinn er það misrétti sem hin mismunandi trúarbrögð búa við á Íslandi sökum sérstakrar stöðu þjóðkirkjunnar. Vilja samtökin jafna þennan mun svo trúfélög þau sem hér starfa eða koma til með að starfa njóti algers jafnréttis í hvívetna.

Seinni þátturinn er staða þjóðkirkjunnar sem slíkrar sem hluti ríkisvaldsins. Telja samtökin að ekkis sé hægt að starfrækja trúfélag undir leiðsögn ríkisvaldsins án þess að trúarbrögðin sem slík bíði af því skaða. Því telja samtökin að algert sjálfstæði kirkjunnar geti ekki orðið henni til annars en góðs.

Samtökin hafa ítrekað vakið athygli á þeim umtalsverða meirihluta sem aðhyllist aðskilnað ríkis og kirkju, samkvæmt skoðanakönnunum sem gerðar hafa verið undanfarin ár. Á síðastliðnum 4 árum aðhylltust 55 af 63 af hundraði þeirra sem afstöðu tóku aðskilnað.

Það vekur furðu samtakanna hversu lítinn hlómgrunn kröfur um aðskilnað ríkisins

og kirkjunnar hafa hlotið hjá stjórnvöldum. Ekki síst þykir samtökunum það undarlegt að Alþingi láti misrétti af þessu tagi viðgangast á ofanverðri 20. öld. Sérrettindi eins trúfélags umfram önnur og ríkisafskipti af trúmálum eru að mati samtakanna brot á mannréttindum.

Umsögn SARK um frumvarp til laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar.

Frumvarp það sem þessi hluti umsagnarinnar varðar, um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, er að mati Samtaka um aðskilnað ríkis og kirkju langt frá því gallalaus.

Samtökin fagna auknu sjálfstæði og sjálfræði kirkjunnar í eigin málum sbr. frumvarp til laga um stöðu stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar.

En samtökin harna hversu stutt skref er stigið með frumvarpi þessu.

Samtök um aðskilnað ríkis og kirkju mótmæla harðlega tillögum um launagreiðslur og réttarstöðu starfsmanna kirkjunnar, sbr. V. kafla, 61. gr. og 62. gr., og jarðeignir kirkna sbr. VI. kafla 63. gr. Einnig mótmæla samtökin harðlega samkomulagi ríkisins og þjóðkirkjunnar um kirkjujarðir og launagreiðslur til presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar sbr. fylgiskjal 1.

Telja samtökin að fyrirkomulag launagreiðslna á vegum þjóðkirkjunnar eigi að vera ríkinu óviðkomandi.

Gagnrýna samtökin harðlega hvernig staðið er að greiðslum fyrir kirkjujarðir og telja þau að samkomulag af því tagi sem hér um ræðir samrýmist á engan hátt eðlilegum viðskiptaháttum, þar sem kaupverð eða matsverð jarðanna komi hvergi fram, engin föst fjárhæð komi fram sem kirkjunni beri að fá í sinn hlut fyrir að afhenda ríkinu kirkjujarðir.

Telja samtökin að um kaup af þessu tagi eigi að gilda almennar viðskiptareglur, að eðlilegt markaðsverð skuli greitt fyrir jarðirnar og á föstum, skilgreindum afborgunum með eðlilegum markaðsvöxtum. Það er fásinna að mati samtakanna að ríkið skuli fyrir hönd íslensku þjóðarinnar gera samkomulag af þessu tagi, þar sem allar upphæðir eru óskilgreindar og í engum tengslum við raunverulegt verð hinna svokölluðu kirkjujarða. Telja samtökin að allar fjárhæðir sem þetta mál varðar eigi að koma fram í krónum en ekki stöðugildum.

Í athugasemdum við lagafrumvarpið á síðu 16, 5. mgr. segir: „...en aðrir aðilar hafa einnig látið til sín heyra þótt eigi farai sérlega hátt, m.a. í þá veru að slíta beri öll tengsl milli ríkis og kirkju. Eigi verður þó talið að nú um stundir eigi svo róttækar hugmyndir fylgi að fagna meðal alls þorra Íslendinga og miðast efni þessa frumvarps m.a. við þá ætlan nefndarinnar.

Það má ljóst vera, með vísan í áðurgreindar skoðanakannanir, að forsendur þær sem nefndin gaf sér við samningu lagafrumvarpsins eru algerlega úr takti við hina raunverulegu stöðu.

#### **Kirkjueignanefnd þjóðkirkjunnar:**

Kirkjueignanefnd lýsir stuðningi við stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, eins og það var afgreitt á auka-kirkjuþingi í janúar síðastliðnum.

Varðandi þær greinar frumvarpsins er taka til launagreiðslna starfsmanna kirkjunnar og kirkjujarðir, vill nefndin vísa til þess samkomulags sem þar liggur að baki og var gert af viðræðunefndum ríkis og kirkju um kirkjueignir og undirritað þann 10. janúar síðastliðinn. Samkomulagið felur í sér fullnaðaruppgjör varðandi þann höfuðstól kirkjujarða er ríkið tók við árið 1907. Það er skilningur kirkjueignanefndarinnar, að afhending kirkjujarðanna og mótsvarandi skuldbinding ríkisins varðandi launagreiðslur sé gjörningur er standa eigi um ókomna framtíð. Kirkjujarðirnar verða þannig hér eftir sem hingað til trygging fyrir prestlaunum. Í þessu sambandi má vísa til greinargerðar þeirrar er kirkjueignanefndin samdi

og var lögð fram á kirkjuþingi í janúar.

Rétt er að fram komi, að þar sem talað er um launagreiðslur í samkomulagi þessu er átt við laun, embættiskostnað, aksturskostnað og launatengd gjöld og lífeyrisgreiðslur.

Nú er það svo, að í frumvarpinu eru ákvæði um ráðningu presta sem eru nokkuð frábrugðin þeirri meginreglu er sett var með starfsmannalögum á síðastliðnu ári. Þetta fyrirkomulag má rökstyðja með því, að sérskipan gildi up presta, sem eru embættismenn kirkjunnar. Launagreiðslur til þeirra koma um ríkissjóð sem á móti mun eignast kirkjujarðirnar. Þess vegna er ekki óeðlilegt, að sérskipan gildi um ráðningu og starfskjör presta. Að auki má svo rökstyðja þetta fyrirkomulag með vísan til sérstöðu preststarfsins og hversu ómögulegt það er að prestar sæti því, að vera ráðnir til fimm ára í senn.

#### **Sóknarnefnd Akureyrarkirkju:**

Hefur á fundi sínum þann 15. 3. haft til umfjöllunar frumvarp til laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar. Ennfremur skoðaði nefndin nefndin umsögn Samtaka sóknarnefnda í Reykjavík- og Kjalarnesprófastsdæmum og Leikmannastefnu hinnar íslensku þjóðkirkju um frumvarpið. Getur sóknarnefnd Akureyrarkirkju tekið undir umsögnina í öllum meginatriðum.

#### **Seltjarnarnessókn:**

Við söknum ákvæðis um framkvæmdanefndir innan sóknarnefnda. Það er reynsla okkar að þörf sé skýrra ákvæða um framkvæmdanefndir, og að best sé að þau séu í rammalöggjöf fremur en í starfsreglum.

Að öðru leyti vísun við til umsagnar Samtaka sóknarnefnda í Reykjavík- og Kjalarnesprófastsdæmum.

#### **Sóknarnefnd Brjánslækjarkirkju:**

Eftir lauslega athugun á lagafrumvarpinu höfum við ekkert við það að athuga.

#### **Stafafellssókn:**

Gerir ekki athugasemdir við frumvarp þetta.

#### **Kirkjuráð:**

Kirkjuráði hefur borist til umsagnar frv. til l. um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar. Kirkjuráð telur ekki ástæðu til að gera athugasemdir við fram komið frumvarp enda um nær óbreytt frumvarp að ræða frá samþykkt kirkjuþings í janúar sl. Kirkjuþing telur þó ástæðu til að vísa til þess að ekki var samstaða um allar greinar frumvarpsins á kirkjuþingi.

#### **Vatnsfjarðarsókn:**

Sóknarnefndin gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

#### **Sóknarnefnd Hofssóknar:**

Sóknarnefndin sér ekki ástæðu til athugasemda.

#### **Kirkjueignanefnd ríkisins:**

Kirkjueignanefndir ríkis og kirkju hafa á liðnum árum unnið á því að ná samkomulagi um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og annarra starfsmanna þjóðkirkjunnar.

Á fundi nefndanna 10. janúar sl. náðist samkomulag þess efnis að kirkjujarðir og aðrar kirkjueignir sem þeim fylgja, að frátöldum prestssetrum, væru eign íslenska ríkisins og andvirði seldra jarða rynni í ríkissjóð. Á móti skuldbatt ríkið sig til að greiða laun tiltekins fjölda presta þjóðkirkjunnar og starfsmanna biskupsembætisins. Í framangreindu frumvarpi, einkum í V. og VI. kafla þess, er að finna ákvæði sem eru í samræmi við umrætt samkomulag nefndanna. Samkomulagið var gert með fyrirvara um samþykki ríkisstjórnar og Kirkjubings, sem og Alþingis á framangreindu frumvarpi.

Í frumvarpinu er auk framangreinds lagðar til ýmsar mikilsverðar breytingar á stöðu, stjórn og starfsháttum þjóðkirkjunnar. Sú breyting sem mestu máli skiptir er sú ótvíræða stefnumörkun sem lagt er uppmeð í frumvarpinu og felst í því að fela þjóðkirkjunni ríkara vald í sínum málum með því að færa ákvörðunarvald á ýmsum mikilsverðum sviðum frá Alþingi til Kirkjubings. Á það m.a. við um skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma. Kirkjueignanefnd ríkisins er eindregið fylgjandi framangreindri stefnumörkun.

Kirkjueignanefnd ríkisins hefur engar athugasemdir fram að færa við framangreint frumvarp og mælir með því að það verði afgreitt sem lög frá Alþingi.

#### **Flateyrarsókn:**

Ástæðan fyrir því að við leyfum okkur að senda háttvirtri allsherjarnefnd Alþingis eftirfarandi bréf er að við teljum að alls ófullnægjandi upplýsingar um afgreiðslu kirkjubings á nefndu frumvarpi hafi borist Alþingi samhliða framlagningu þess og 1. umræðu.

Vera kann að Alþingi hafi nýlega borist gerðir kirkjubings frá því í október 1996 og aukakirkjubings frá 21. - 23. janúar sl.

Þau leiðu mistök hafa orðið að ekki eru birt þar öll þingskjöl sem lögð voru fram, þ.m.t. breytingartillaga ásamt greinargerð skv. meðfylgjandi blaði.

Að vísu er texti breytingartillögunnar birtur á bls. 35 í gerðum aukakirkjubingsins frá því í janúar sem og niðurstaða atkvæðagreiðslunnar þar sem breytingartillaga var felld með 9 atkv. gegn 5 en 3 sátu hjá. Hvorki er þar birt greinargerðin, en þar er að finna forsendur fyrir tillöguflutningnum, né heldu rgreint frá umræðum um breytingartillöguna.

Okkur þykir rétt að eftirfarandi sé hv. allsherjarnefnd ljóst. Við síðari umræðuna á aukakirkjubinginu snérust umræður einkum um þessa breytingartillögu, enda voru allar aðrar tillögur frv. samþykktar samhljóða svo sem þær komu frá nefndum þingsins. Hjá nokkrum ræðumönnum kom það fram að þótt þeir væru sammála fyrri mgr. greinargerðarinnar myndu þeir af öðrum ástæðum greiða atkvæði gegn breytingartillögunni eða sitja hjá.

#### **Grafarvogskirkja:**

Sóknarnefnd Grafarvogssafnaðar vill koma á framfæri við háttvirta allsherjarnefnd Alþingis eftirfarandi óskum og ábendingum: Þann 1. desember sl. voru íbúar í Grafarvogsgókn 12.900 og þar af voru 7.110 skráðir sóknarbörn í þjóðkirkjunni, þ.e. voru 16 ára eða eldri og skráðir í þjóðkirkjuna. Hverfið er mjög ungt og fjölgun þar mjög ör og má nefna að á síðasta ári fjölgaði um 1.100 manns í hverfinu eða um eins og eitt bæjarfélag á landbyggðinni. Þá er hverfið byggt frekar ungu fólki og er það meginskýring á því lága hlutfalli sem skráð er í þjóðkirkjuna m.v. heildaríbúatölu, þ.e. mikið af er um ung börn og unglínga. Það krefur hins vegar kirkjuna um mjög viðamikilið starf og er reynt að koma sem mest til móts við það og er starfsemi Grafarvogssafnaðar mjög öflugt. Við Grafarvogskirkju starfa nú tveir prestar, organisti og kirkjuvörður auk annarra starfsmanna sem sinna í ihlaupum störfum tengdum þeirri starfsemi sem fram fer í kirkjunni.

Á aðalsafnaðarfundi Grafarvogssóknar sem haldinn var í Grafarvogskirkju sunnudaginn 15. sept. sl. var eftirfarandi tillaga samþykkt samhljóða: „Fundurinn samþykkir að leitast verði við að koma upp kirkjuseli (safnaðarheimili) í Borgarholtshverfi. Vegna fjölda sóknarbarna verði sótt um annað aðstoðarprestsembætti. Með því að fjölga starfsmönnum er meiri möguleiki á að vinna að uppbyggingu safnaðarins, fremur en að einbeita sér að fleiri kirkjubyggingum í sókninni. Grafarvogskirkja mun geta sinnt öllum þörfum safnaðarins, þá og ef safnaðarheimili (kirkjuskjól-kirkjusel) væri til staðar í Borgarholtshverfi. (Ekki er ólíklegt að fleiri slík kirkjusel gætu ristið t.d. þegar að ný byggð hefur risið í Grafarholti sem tilheyrir Árbæjasókn og ef byggð mun rísa við Vatnsenda í Seljasókn. Með því að reisa slík sel, væri hægt í framtíðinni að leggja enn meiri áherslu á starfið, fremur en að reisa kirkjubyggingar.” Afrit af þessari samþykkt hafa verið send biskupi, prófasti og héraðsnefnd.

Sóknarnefndin vill vekja athygli háttvirtrar allsherjarnefndar Alþingis á að í lögum um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands 17. maí nr. 62/1990, 3. gr. 1. mgr. er ráðherra veitt heimild til að ráða prest til aðstoðar sóknarpresti í sóknum þar sem íbúarfjöldi fer yfir 4.000 og að þegar íbúafjöldi sóknar er kominn yfir 8.000 skal sókninni að jafnaði skipt.

Í ljósi þessa er ljóst að Grafarvogssókn er komin yfir þessi mörk og ætti því í raun að vera tvær sóknir og hvor um sig með tvo presta. Þetta er ekki raunin og er í reynd alls ekki krafa sóknarnefndar eða sóknarbarna í Grafarvogi heldur er óskín sú sem fram kom í samþykkt aðalsafnaðarfundar frá því sl. haust að fá þriðja prestinn og síðan að byggja safnaðarheimili viðar í hverfinu en auka starfið og fullnýta þá kirkju sem nú er í byggingu.

Þessu máli er komið á framfæri viðháttvirta allsherjarnefnd í því augnamiði að óska eftir lagfæringu á fjölda þeirra prestsembætta sem ríkið ætlar að greiða og fram kemur í samningi ríkisins og þjóðkirkjunnar sem fjallað er um í tengslum við frumvarpið um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, mál 301. Það er ósk Grafarvogssóknar að tölunni verði breytt úr 138 prestsembættum í 139 embætti. Þetta er gert í ljósi þess, eins og áður hefur komið fram, að nú þegar átti að vera komið eitt embætti í Grafarvog og eftir í annað í viðbót. Verður að líta svo á að við ákvörðun þessarar tölu þ.e. 138 hafi þetta farið framhjá þeim aðilum sem um málið fjölluðu.

### **Samtök sóknarnefnda í Reykjavík- og Kjalarnesprófastsdæmum og leikmannastefna hinnar íslensku þjóðkirkju:**

Stuðningur: Samtök sóknarnefnda í Reykjavík- og Kjalarnes prófastsdæmum og Leikmannastefna hinnar íslensku þjóðkirkju, mæla með því að fyrirbyggjandi frumvarp til laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, verði samþykkt með þeim breytingum sem starfshópurinn leggur til í kafla 3 (breytingartillögur) og að teknu tilliti til þeirra viðhorfa sem koma fram í kafla 2 (Hugleiðingar um nokkur atriði).

Eftirsóknarverð rammalöggjöf: Fyrirliggjandi frumvarp, er ætlað að vera rammalöggjöf um starfsemi þjóðkirkjunnar, þar sem tiltekin grundvallaratriði eru lögbundin, kirkjuþingi síðan falið eðlilegt vald og sækilegt svigrúm til að setja kirkjunni, og stofnunum hennar, nánari starfsreglur sem auðveldar verður en ella að breyta og laga að kröfum tímans hverju sinni. Löggjöf sem felur í sér slíkt fyrirkomulag á grunnskipulagi þjóðkirkjunnar er til mikilla bóta og eykur á hæfni kirkjunnar til að bregðast við kalli tímans og breytilegum kringumstæðum, auk þess sem kirkjan sjálf tekur á sig aukna og sjálfsagða ábyrgð á eigin málefnum.

Aðalatriði og aukaatriði: Á of mörgum stöðum í frumvarpinu er að finna ákvæði sem



sýnast smáatriði og aukaatriði, og velta má fyrir sér hvort eigi heima í rammalöggjöf. Eðilegra virðist að kveða á um sumt a.m.k. í starfsreglum, sem kirkjuþing setur sbr. ákv. 60. gr. Nokkur dæmi um þetta er að finna í meðf.a. við einstakar greinar frumvarpsins.

Skortur á heildstæðri skilgreiningu: Saknað er, að áður en frv. var samið hafi ekki farið fram sú heildstæða og faglega úttekt og skilgreining á hlutverki þjóðkirkjunnar; kristilegum og veraldlegum verkefnum hennar, og stofnana hennar, sem sníða ber slíka löggjöf að. Þetta veldur því, að ýmis ákvæði um stjórnskipulag þjóðkirkjunnar lita út fyrir að vera bæði óskýr og mótsagnakennd, einkum er varðar umboð, ábyrgð, verksvið, valdsvið; hver hafi yfir hverju og hverjum að segja, og undir hvern hvað og hver heyrir o.s.frv. Þetta varðar einum sjálfa yfirsjónina; kirkjuþing, kirkjuráð, embætti biskups Íslands, vigslubiskupa og prófasta. Einnig mætti bæta við hlutverki prestastefnu, samtaka leikmanna, stöðu presta gagnvart yfirstjórninni annars vegar og sóknarnefndum hins vagar, auk stöðu sóknarnefndanna sjálfra. Þjóðkirkjan þarf eins og aðrar stórar og mikilvægar stofnanir, að hafa skýra stjórnskipan, þar sem starfað er á skilvirkan hátt að skilgreindum markmiðum og viðfangsefnum. Úr þessu geta biskupsembættið, kirkjuráð og kirkjuþing bætt, þegar starfsreglur varðandi þessa þætti verða samdar og settar, og munu samtök sóknarnefnda og leikmanna koma sjónarmiðum sínum að í þeim efnum við þá aðila þegar að því dregur.

Starfsreglur: Í athugasemdum við frumvarpið á bls. 15 segir: „Jafnframt samningu þessa frumvarps hóf nefndin undirbúning að samningu frumvarps til samþykktar kirkjuþings um starfsreglur fyrir íslensku þjóðkirkjuna sem nefndin leggur til að fylgi í kjölfar hinna nýju laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, ef frumvarp þetta hlýtur staðfestingu hins háa Alþingis.“ Vakín er athygli á því sem nánar verður fjallað um í næstu athugasemd að engin fulltrúi sóknarnefnda eða leikmanna skipar nefndina, sem sagt er að vinni „að samningu frumvarps til samþykktar kirkjuþings um starfsreglur fyrir íslensku þjóðkirkjuna.“ Augljós ávinningur hefði verið að því og reyndar mikilvæg forsenda fyrir viðtækum og nauðsynlegum stuðningi við frumvarpið, að því hefði fylgt texti, sem feli sér þau helstu grundvallaratriði sem reglugerðarsmið, skv. 60. gr. mun byggjast á. Þá hefðu menn einnig átt þess kost að sja betur en ella, hvaða atriði í frumvarpi að rammalöggjöf, sem með rökum má kalla smáatriði eða aukaatriði hefði verið unnt að fella að skaðlausu inn í starfsreglur skv. 60. gr.

Vinnubrögð: Starfshópurinn bendir á, að við undirbúning frumvarpsins störfuðu tvær nefndir; sú fyrri skipuð af kirkjuráði í janúar 1993, og sú síðari skipuð af kirkjumálaráðherra í júlí 1996. Í hvorugri nefndinni sátu fulltrúar þeirra sem sitja í sóknarnefndum, og taka á þeim vettvangi mikilvægan þátt í stafi kirkjunnar í umboði safnaðarsystkina sinna, þrátt fyrir málaleitan þar að lútandi sbr. meðf. bréf Leikmannaráðs hinnar íslensku þjóðkirkju til kirkjumálaráðherra, dags. 28. ágúst 1996. Fyrir bragðið hafa sóknarnefndir og leikmenn átt þess lítinn sem engan kost að taka þátt í og fylgjast með lokagerð frumvarpsins og er nú skammtaður afar naumur tími til að tjá sig um og hafa áhrif á efni þess. Fyrir þetta gagnrýnir starfshópurinn þá, sem stöðu fyrir gerð frumvarpsins.

#### **Sóknarnefnd Akureyrarkirkju í Bergþórshvolsprestakalli:**

Sóknarnefndin hefur fjallað um málið eins og það hefur verið lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–1997. Einnig hefur nefndin farið yfir „Umsögn samtaka sóknarnefnda í Reykjavík– og Kjalarnesprófastsdæmum og Leikmannastefnu hinnar íslensku þjóðkirkju“ um sama þingmál dags. 11. mars 1997.

Sóknarnefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með þeim breytingum og athugasemdum sem fram koma í ofangreindri umsögn.

**Melstaðarkirkja:**

Sóknarnefnd Melstaðarkirkju hefur fjallað um aðsent frumvarp. Nefndin hefur ekki haft mikinn tíma til að kynna sér frumvarpið mikið, en telur almennt ekkert athugasvert við helstu atriði þess.

**Sóknarnefnd Prestsbakka:**

Allsherjarnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn sóknarnefnda um frv. til 1. um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunar. Í frumvarpinu er kveðið á um grundvallarbreytingu á stöðu og stjórn íslensku þjóðkirkjunnar á þann hátt, að úr gildi eiga að falla flest eldri ákvæði laga um það efni, en í staðinn komi stutt rammalög, sem fyrst og fremst kveða á um að framvegis verði þessum málum skipað með reglum, sem kirkjuþing kann að setja í framtíðinni.

Það er því erfitt eftir stutta athugun á frumvarpinu að gera sér heimildarmynd af þeim breytingum, sem samþykkt þessa frumvarps hefði í för með sér, a.m.k. fyrir þá sem ekki hafa upplýsingar um þær umræður og hugmyndir, sem að baki því liggja. Þeir miklu annmarkar móta að sjálfsögðu þær ábendingar, sem settar verða fram hér á eftir og valda því, að við fljótan lestur hefur ekki fundist sá trausti rammi, sem við teljum nauðsynlegt að þar verði fyrir hendi og sums staðar virðast eyðurnar stórar.

Draga verður mjög í efa, að það verði ávinningur fyrir íslenska þjóðkirkju að fela biskupi Íslands svo mikið fjármálavafstur og fulla ábyrgð á því. Að auki er kirkjuráði undir forsæti hans skylt að taka við til úrskurðar öllum klögumálum innan kirkjunnar, sé þess óskað, nema þeim sem borin verða undir úrskurðarnefnd.

Ýmis fleiri atriði í frv. má benda á, sem þörf er á að skoða betur eins og 59. gr. um organista. En að mati sóknarnefndar Prestsbakkakirkju eru mikilvægust ákvæðin um skiptingu valds og ábyrgðar innan þjóðkirkjunnar annars vegar og umsýslu fjármagns hins vegar. Samkvæmt framansögðu þarf að taka þau til gaumgæfilegrara athugunar og breytinga, áður en frumvarpið verður afgreitt sem lög frá Alþingi.

**302. mál Biskupskosningar.****Sóknarnefnd Bakkasóknar Möðruvallaprestakalls:**

Þá fjallaði nefndin einnig um frumvarp til laga um biskupskosningu. Nefndin gerir engar athugasemdir við frumvarpið og telur það vera réttindamál.

**Djárnafélag Íslands:**

Vill benda á að djáknar hafa ekki kosningarétt samkvæmt frumvarpinu og telur það óásættanlegt. Djáknar eru ýmist ráðnir af sóknarnefndum eða af stjórnnum sjúkrastofnana til líknarþjónustu þar og lúta yfirstjórn kirkjulegra stjórnvalda í kirkjulegum efnum og því er eðlilegt að þeir sem gegna djáknastarfi sem aðalstarfi hafi kosningarétt við biskupskjör. Ekki verður annað séð en djáknar þessir hafi sömu réttarstöðu og gegni sambærilegum störfum og aðstoðarprestar ráðnir af sóknarnefndum og svokallaðir sérþjónustuprestar sem ráðnir eru af stjórn sjúkrastofnana en þeir hljóta kosningarétt verði frumvarpið að lögum.

**SARK:**

Um frumvarp varðandi biskupskosningu hafa Samtök um aðskilnað ríkis og kirkju ekkert að athuga. Með tilliti til 8. gr. frumvarps til laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar má ljóst vera að kirkjuþingi verði falið að setja reglur um biskupskosningu. Telja samtökin að þar með þurfi íslensk stjórnvöld ekki frammar að setja lög varðandi þetta mál.

**Sóknarnefnd Brjánslækjarkirkju:**

Eftir lauslega athugun á lagafrumvarpinu höfum við ekkert við það að athuga.

**Stafafellssókn:**

Gerir ekki athugasemdir við frumvarp þetta.

**Sóknarnefnd Flateyrarsóknar:**

Nefndin gerir engar athugasemdir við frumvarp þetta.

**Sóknarnefnd Sauðárkróskirkju:**

Nefndin gerir engar athugasemdir við frumvarpið.

**Eftirfarandi aðilar lýsa sig samþykka umsögn Samtaka sóknarnefnda í Reykjavíkur- og Kjalarnesprófastsdæmum og Leikmannastefnu hinnar íslensku þjóðkirkju:**

Seljasókn, Ássókn, sóknarnefnd Hjallasóknar, Hafnarfjarðarkirkja, Grafarvogskirkja, Fella- og Hólakirkja, Nessókn, sóknarnefnd Húsavíkurkirkju, sóknarnefnd Digranessóknar, sóknarnefnd Hallgrímskirkju, Ísafjarðarprestakall.